

Þróun trúfrelsis á Íslandi 1874–1915

Umræður og lagarammi

Með stjórnarskránni um „hin sjerstaklegu málefni“ eða innanríkismál Íslands frá 1874 hlutu Íslendingar umtalsvert trúfrelsi auk annarra réttarbóta sem í stjórnarskránni fólust. Þar með var forræði evangelísk-lúthersku kirkjunnar þó ekki afnumið eða jafnræði komið á milli fólks í trúarefnum. Einnig átti eftir að útfæra trúfrelsisákvæðin í löggjöf sem skilgreindi trúfrelsið ýtarlegar en gert var í stjórnarskránni og festi það í sessi.¹ Það frelsi sem stjórnarskráin lagði grunn að jók því einkum rétt trúfélaga og takmarkaði afskipti stjórnvalda á trúarlega sviðinu. Einkum var því um trúarlegt félagafrelsi að ræða. Árið 1874 markar því aðeins upphafið að þróun almenns trúfrelsis í landinu.² Sjálft trúfrelsis-hugtakið kom heldur aldrei fyrir í stjórnarskránni.

Færa má rök fyrir að fyrsta skeiði trúfrelsisþróunar hér á landi ljúki með stjórnarskrárbreytingum 1915. Með þeim var í fyrsta sinn með óyggjandi hætti kveðið á um að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga og þar með að aðhyllast trúleysi án þess að það hefði áhrif á borgaraleg réttindi fólks.³ Við lok rannsóknartímans var því trúarlegt einstaklingsfrelsi fest í sessi. Með stjórnarskrárbreytingunum 1915 var jafnframt losað nokkuð um þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar þannig að breyta mætti því með lögum. Það gat svo auðveldað aðskilnað ríkis og kirkju síðar.⁴ Löngum hefur verið litið svo á að þá fyrst væri trúfrelsi að fullu komið á en þá er talið að trúfrelsi hljóti jafnframt að fela í sér trúarlegt jafnræði.

¹ Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften 524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 372.

² Í kaupstaðatilskipuninni frá 1786 var kristnum borgurum af hvaða kirkjudeild sem var heitið fullkomnu umburðarlyndi og frelsi til óhindraðrar guðsþjónustugjörðar. Refórmertir máttu jafnvel búast við frelsi til kirkjubygginga. Þetta getur þó tæpast talist annað en fyrsti vísir trúfrelsi þar sem um staðbundnar undanþágur var að ræða. *Lövsamling for Island 5*, 1855, bls. 344. Í riti sínu um Alþingi og kirkjumálin ritaði Magnús Jónsson svo um aðdraganda trúfrelsisins: „Eins og getið hefur verið hér að framan, var hvað eftir annað farið fram á það, að fá trúarbragðafrelsi hér á landi.“ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingissögufélag, 1952, bls. 29. Orðin mætti skilja svo að Íslendingar hafi staðið í trúfrelsisbaráttu við Dani og þá e.t.v. sem hluta af þjóðfrelsisbaráttunni. Svo var þó ekki. Hinar ítrekuðu tilraunir sem nefndar eru felast einkum í tveimur bænarskrám nokkurra Þingeyinga til Alþingis 1863 og 1865 sem ekki hlutu brautargengi þar. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 9. Helstu leiðtogar þjóðarinnar á þessum tíma voru enda ekki áhugamenn um trúfrelsi. Danska stjórnin reyndi aftur á móti að auka hér trúarlegt frelsi og fjölbreytileika. Kom það m.a. fram í tilraunum hennar til að fá dönsk lög um réttindi erlendra gyðinga sem sett voru í kjölfar grundvallarlaganna 1849 lögfest hér á landi. Íslendingar höfnuðu því. Hjalti Hugason, „Mér finnst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...“: Greining á alþingisumræðum um trúfrelsi 1863 og 1865“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22/2006, bls. 43–80. Hér er litið svo á að trúfrelsi hafi komist á hér á landi fyrir frumkvæði Dana og að danskri fyrirmynd.

³ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálalábs stjórnarskrárinnar 1847–1995“, *Gliman* 2011, bls. 157–193, hér 170; Gunnar Már Jakobsson, Trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga. Meistararitgerð til Mag.jur.-prófs í lögfræði, bls. 18, [skemman.is](https://skemman.is/bitstream/1946/7164/1/Lokamasterskjal.pdf), sótt 18. febrúar 2022 af <https://skemman.is/bitstream/1946/7164/1/Lokamasterskjal.pdf>.

⁴ Milli 1915 og 1920 þurfti ekki að bera lög um breytingu á þjóðkirkjuákvæði stjkskr. undir þjóðina í atkvæðagreiðslu. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 170–171, 177.

Stærsta skrefið í trúfrelsisþróuninni á rannsóknartímanum var stigið 1886 þegar sett voru heildstæð lög um réttindi og skyldur fólks sem notfært hafði sér rétt sinn til að segja sig úr þjóðkirkjunni. Samt sem áður var það ekki með öllu laust undan þjóðkirkjunni heldur hafði enn ákveðnum skyldum að gegna gagnvart henni og var þar einkum um gjaldskyldu að ræða. Hefti það eitt og sér trúfrelsi fólks þótt mismunandi trúarskoðanir væru vissulega leyfðar og ekki væri ætlast til þess að allir aðhylltust kenningar þjóðkirkjunnar.

Pétur Pétursson hefur fjallað um ýmsa þætti er lúta að breyttri stöðu trúar í samfélaginu á nítjándu og tuttugustu öld, þar á meðal trúfrelsi og starf nýrra trúfélaga hér.⁵ Þá hefur höfundur þessarar greinar fjallað nokkuð um umræður um trúfrelsi hér fyrir aldamótin 1900 og á fyrstu áratugum tuttugustu aldar sem og um þróun og inntak trúfrelsis samkvæmt stjórnarskrám landsins fram til 1995.⁶

Í þessari grein er fjallað um umræður um trúfrelsið á fyrsta þróunarskeiði þess í landinu og helstu tilraunir Íslendinga, sem og danskra stjórnvalda, til að þróa það áfram. Í upphafi verður sjónum beint að mati nokkurra áhrifamanna á stöðu trúfrelsisins á tímabilinu: hvort það væri komið á með fullnægjandi hætti eða hvort réttindum fólks á trúmálasviðinu væri enn ábótavant og þá á hverju strandaði helst í þeim efnum. Í síðari hlutanum verður kannað hvernig leitast var við að þróa trúfrelsið áfram með því að treysta stöðu utanþjóðkirkjusafnaða og draga með öðru móti úr áhrifum þeirra trúfrelsisálma sem þegar á rannsóknartímanum voru taldir vera til staðar. Einkum verður leitast við að kanna hvort utanþjóðkirkjufólki hafi á tímabilinu verið veitt aukið frelsi á grundvelli almennra mannréttindasjónarmiða eða hvort aðeins hafi verið leitast við að tryggja því þau lágmarksréttindi sem stjórnarskráin áskildi því og þá á grundvelli undanþáguákvæða sem ná skyldu til ákveðinna minnihlutahópa án þess að trúarlegri einingu samfélagsins væri teft í tvísýnu. Síðari leiðin hafði lengi verið farin víða erlendis. Var þá fólki veitt frelsi til að stofna eigin trúfélög og iðka trú innan þeirra án þess þó að mega boða hana öðrum á opinberum vettvangi. Sums staðar hafði úrsögn úr meirihlutakirkju leitt til að borgaraleg réttindi skertust. Almennt var hugsunin þá sú að minnihlutahópar sem viku frá trú meirihlutans skyldu umbornir upp að vissu marki. Kallaðist löggjöf sem veitti réttindi á grundvelli slíkra frávíka *dissenter*-lög.⁷

⁵ Sjá einkum: Pétur Pétursson, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930*, Studies in Religious Experience and Behaviour 4, Lund: Plus Ultra, 1983; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421.

⁶ Hjalti Hugason, „Upphaf umræðu á Alþingi um trúfrelsi og trúarlega minnihlutahópa“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 18/2003, bls. 41–53; Hjalti Hugason, „Mér finnst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...“, bls. 43–80; Hjalti Hugason, „Trúfrelsi og kirkjuskipan frá þjóðfundi til stjórnarskrár“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 23/2006, bls. 91–130; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Fyrstu tilraunir til að koma á kirkjuþingi á Íslandi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 31/2010, bls. 73–104; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður? — Kirkjupólitík Þórhalls Bjarnarsonar 1893–1916“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 32/2011, bls. 20–47; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður um aðskilnað og sjálfstæða þjóðkirkju á almennu prestastefnunum 1909–1910“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 33/2011, bls. 54–78; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916 — Lokasamantekt“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 96–122; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 157–193; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Inntak og merking trúmálabálks stjórnarskrárinnar ásamt breytingatillögum“, *Ritid 2/2011*, bls. 151–181.

⁷ Sven Göransson o.fl., *Kyrkohistoria 2*, Stokkhólmi: Svenska bokförlaget, 1969, bls. 311–315, 329–332, 334–336; Berndt Gustafsson, *Svensk kyrkohistoria*, 5. útg., Stokkhólmi: Verbum, 1973, bls. 216–219; Carl Henrik Martling,

Í greininni verður meðal annars leitað svara við eftirfarandi spurningum: Hvernig mátu þeir sem öðrum fremur tóku þátt í umræðum um trúfrelsið stöðu þess? Hversu langt var gengið í þróun þess á rannsóknartímanum? Lýtur sú spurning m.a. að því hvort trúfrelsið hafi á rannsóknartímanum bæði falið í sér féлага- og einstaklingsfrelsi, sem og hvort það náði jafnt yfir allar trúarskoðanir eða aðeins guðstrú. Og loks: Náði þróun trúfrelsis hér að sprengja *dissenter*-hefðina á rannsóknartímanum eða rúmaðist þróunin alfarið innan hennar? Í því sambandi skiptir t.a.m. máli hvort sá minnihlutahópur sem sagði sig úr þjóðkirkjunni hafi að öllu leyti orðið óháður henni eða hvort hann hafi áfram verið bundinn einhverjum skyldum við hana burtséð frá trúarskoðunum sínum.

Markmið greinarinnar er meðal annars að leggja grunn að athugun á framkvæmd trúfrelsisins á tímabilinu en með því er átt við hvernig fólk, einstaklingar og hópar, notfærði sér trúfrelsið ekki síst til að stofna trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Þannig fjallar þessi grein um ímynd, það er opinber skoðanskripti og stefnumörkun, í trúfrelismálum. Síðari grein kemur á hinn bóginn til með að snúa að raunmyndinni, eða hvernig fólk nýtti sér það frelsi sem hin markaða stefna lagði grunn að.

Skiptar skoðanir um stöðu trúfrelsis

Skrif Arnljóts Ólafssonar (1823–1904) prests og alþingismanns á fyrri hluta tímabilsins varpa skýru ljósi á hugmyndir hans og ugglaust ýmissa annarra um helstu þætti trúfrelsis og stöðu þess hér á níunda áratugi nítjándu aldar.⁸ Áleit hann að trúfrelsið væri fjórþætt og má líta á tvo þætti þess sem almennt trúfrelsi en hinir lutu aftur á móti að frelsi fólks innan þjóðkirkjunnar.

Frumlægasti hluti almenns trúfrelsis var að mati Arnljóts það sem hann nefndi „trúarfrelsi“ og fólst að hans mati í einstaklingsbundnu skoðanafrelsi í trúmálum. Því lýsti hann sem frelsi einstaklings til að mega óháð ytra valdi „[...] trúa því sem hug hans þykir skynsamlegast og sannast, hjarta hans geðfeldast og huggunarríkast, samvizku hans samkvæmast eðli Guðs og mannsins og því réttast.“⁹ Taldi Arnljótur að yfirvöld mættu ekki skerða rétt fólks í þessu efni og byggði hann það öðrum þræði á lútherskum trúarskilningi. Almennt trúfrelsi fól einnig í sér það sem Arnljótur nefndi „trújátníngarfrelsi“ og/eða „trúbragðafrelsi“ en þetta voru að hans áliti samheiti.¹⁰ Fólst það í að fólk mætti „[...] að ósekju játa í ræðu og riti trú sína, rækja hana og verja.“¹¹ Hér var því um að ræða frelsi til að iðka og boða trú á almennum vettvangi þótt

Svenskt kyrkolexikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok, Skellefteå, Artos, 2005, bls. 81–82. — Sem dæmi um *dissenter*-lög má nefna Lov angaaende dem, der bekjende sig til den christelige Religion, uden at være medlemmer af Statskirken frá 1845 sem giltu til 1969. „Dissenterloven“, *lokalhistoriewiki.no*, sótt 7. september 2022 af <https://lokalhistoriewiki.no/wiki/Dissenterloven>.

⁸ Arnljótur Ólafsson var talsmaður einstaklingsbundins trúfrelsis þótt hann eigi að síður vildi fara hægt í sakirnar við að lögfesta það. *Alþingistíðindi* 1863 II:1, bls. 117–118 (sé þingskjals ekki getið er vísað til umræðu).

⁹ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi“, *Fróði* 25. nóvember 1884, bls. 245–248, hér 246.

¹⁰ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Framh.)“, *Fróði* 9. desember 1884, bls. 253–261, hér 254.

¹¹ Sama heimild, bls. 254–255.

hún viki frá opinberri trú samfélagsins. Þetta var það frelsi sem landsmönnum var veitt með stjórnarskránni 1874 að mati Arnljóts.¹²

Þegar um frelsi innan þjóðkirkjunnar var að ræða greindi Arnljótur á milli „konungskirkju“ fyrri tíma, það er ríkiskirkjufyrirkomulagsins, og þjóðkirkjunnar sem komið var á með 45. gr. stjórnarskrárinnar.¹³ Konungurinn var „yfirbiskup“ ríkiskirkjunnar og fór með alla stjórn hennar. Í sjálfu heiti þjóðkirkjunnar fólst aftur á móti að mati Arnljóts „[...] að vald þjóðfélagsins sé komið í stað alveldis konungdómsins.“¹⁴ Þar með opnaðist leið til lýðræðisvæðingar í kirkjunni, það er til að auka frelsi safnaða til að taka þátt í stjórn eigin mála til dæmis að velja sér presta. Þjóðkirkjuskipanin jók því frelsi innan kirkjunnar. Afskipti ríkisins áttu í stórum dráttum að miða að því að tryggja kirkjunni að hún gæti notið eigna sinna og tekna eins og hver annar lögaðili og fengi þar með gegnt hlutverkum sínum. Þá bar ríkisvaldinu og að annast nokkur önnur hlutverk, til að mynda að standa fyrir menntun presta sem stæðist kröfur tímans. Aftur á móti taldi Arnljótur ríkisvaldinu ekki lengur skylt að aðhyllast trúarskilning þjóðkirkjunnar né að standa vörð um trúarlega einingu samfélagsins eða „[...] að vernda trúarlærdómanna, trúarjárnning manna né trúarkensluna [...]“ þar sem öllum væri nú heimilt að ganga úr „þjóðtrúarfélaginu“.¹⁵ Af þeirri ástæðu leit hann svo á að „[...] trúarorðið í þjóðtrúarfélaginu [væri] fyllilega frjálst innan vebanda lúterskunnar [...]“.¹⁶ Kirkjan réð innri málum sínum því sjálf, meðal annars boðuninni, svo framarlega sem hún héldi sig á evangelísk-lútherskum játningargrunni, eins og kveðið var á um í stjórnarskránni. Þrátt fyrir þá sjálfstjórn sem kirkjan naut ríkti því ekki kenningarfrelsi í kirkjunni en eftir því sem nær dró aldamótunum 1900 kölluðu stöðugt fleiri prestar eftir því í anda frjálslyndrar aldamótaguðfræði.¹⁷ Var það einmitt fjórði þáttur trúfrelsis að hyggju Arnljóts sem þó komst ekki á með stjórnarskránni. Hann kvað kirkjustjórnina, prestaskólakennarana og prestana samt fyrst og fremst bundna af heilagri ritningu sem reglu og mælikvarða, „[...] er eftir skal prófa og dæma alla trúarlærdóma.“¹⁸ Í þessu áttu þeir að hans mati samleið með öllum öðrum fræðimönnum sem voru bundnir af „[...] undirstöðuefni og inntaki [...]“ fræðigreina sinna. Arnljótur leit því svo á að kennimenn kirkjunnar hlytu að ganga úr frá ákveðnum grundvallarviðmiðum (e. *paradigm*) líkt og gert væri í öllum fræðigreinum og að viðmiðin væri í tilviki guðfræðinga að finna í Biblíunni. Þeim bar þó rannsóknarfrelsi ekki síður en öðrum fræðimönnum.¹⁹ Krafa um tryggð við Ritninguna og hina evangelísk-lúthersku trúarhefð átti því að hans mati ekki að leiða til gagnrýnisleysis eða ósjálfstæðra vinnubragða af hálfu presta.

¹² Sama heimild, bls. 256, 260–261; Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Niðurl.)“, *Fróði* 15. desember 1884, bls. 265–273.

¹³ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Framh.)“, bls. 260–261.

¹⁴ Sama heimild, bls. 260.

¹⁵ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Niðurl.)“, bls. 265. A.Ó. hefur því titið svo á að sú vernd ríkisvaldsins sem stj.skr. 1874 áskildi þjóðkirkjunni tæki aðeins til ytri atriða.

¹⁶ Sama heimild, bls. 265.

¹⁷ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, hér 47–49.

¹⁸ Arnljótur Ólafsson, „Um frikirkju og frelsi kirkjunnar hjer á landi“, *Kirkjublaðið* 1. júlí 1896, bls. 114–118, hér 115.

¹⁹ Sama heimild, bls. 116.

Af þessum skilningi Arnljóts Ólafssonar á trúfrelsinu má ráða að hann hafi litið svo á að í landinu hafi komist á almennt trúfrelsi með stjórnarskránni 1874 sem og að þjóðkirkjan nyti víðtæks frelsis í eigin málum þótt vissulega væri hún bundin af því að vera lúthersk.²⁰

Ekki voru þó allir á sama máli. Snemma tók þvert á móti að bera á að þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar þættu sníða trúfrelsi fólks þröngan stakk og að auka þyrfti rétt utanþjóðkirkjufólks.²¹ Jón Bjarnason (1845–1914), prestur í Vesturheimi (frá 1877), þjónaði Dvergasteini í Seyðisfirði 1880–1884 og tjáði sig löngum um íslensk kirkjumál. Um líkt leyti og Arnljótur Ólafsson lét í ljós fyrrgreinda afstöðu benti Jón á að þrátt fyrir það trúfrelsi sem stjórnarskráin tryggði landsmönnum væru öll kirkjulög landsins mótuð af fornu ófrelsi. Þá vantaði algjörlega lög um réttindi og skyldur þeirra sem hefðu sagt sig úr þjóðkirkjunni. Því gæti auðveldlega komið upp vandræðaástand í trúarefnum landsmanna líkt og þegar væri raun á þar sem nokkur hópur fólks í Reyðarfirði hefði sagt sig úr kirkjunni.²² Lög um réttindi og skyldur utanþjóðkirkjufólks höfðu enda enn ekki verið sett og skapaði það ýmiss konar óvissu um stöðu þess.

Þórhallur Bjarnarson (1855–1916), forstöðumaður Prestaskólans og síðar biskup, var um skeið talsmaður aðskilnaðar ríkis og kirkju og átti í því skoðana-bræður í hópi presta.²³ Lengst af tímabilsins sem hér um ræðir leit hann svo á að fullkomið trúfrelsi byggðist á „[...] algjörðu afskiftaleysi ríkisvaldsins af trúarlegum málefnum, [...]“.²⁴ Síðar taldi hann sér þó skylt að fylgja eftir íhaldssamari stefnu prestastéttarinnar um sjálfstæða þjóðkirkju í tengslum við ríkisvaldið.²⁵ Fulltrúar trúarlegra minnihlutahópa aðhylltust skiljanlega sömu afstöðu. Kom hún til að mynda skýrt fram meðal adventista en þeir eignuðust snemma eigið málagn, *Frækorn*, sem hóf að koma út aldamótaárið 1900.²⁶ Sú stefna var þó ríkjandi innan þjóðkirkjunnar að trúfrelsi væri of dýru verði keypt ef það krefðist aðskilnaðar ríkis og kirkju. Innan hennar ríkir enda enn sú stefna að halda skuli í þjóðkirkjuskipanina og þar með tengslin við ríkisvaldið þótt sjálfræði kirkjunnar hafi aukist eftir því sem æskilegt hefur þótt á hverjum tíma.

Loks er athyglisvert að kanna afstöðu eins helsta lögfræðings þjóðarinnar á tímabilinu, Einars Arnórssonar (1880–1955), kennara við Lagaskólann, síðar prófessors, hæstaréttardómara og dómsmálaráðherra. Hann leit svo á (1907) að trúfrelsið væri þá enn varla annað en „pappírsmál“.²⁷ Þó hafði stjórnarskráin þá verið í gildi í rúma þrjú áratugi og lög um utanþjóðkirkjufólk í rúma tvo. Byggði hann mat sitt á að ríkið styrkti aðeins eitt trúfélag og að þau er sagt

²⁰ Sjá: Arnljótur Ólafsson, „Um prestamálið“, *Nordlingur* 5. maí 1878, bls. 217–219, hér 217.

²¹ Br.J., „Enn um ríki og kirkju“, *Fróði* 2. september 1884, bls. 1–4, hér 3; „Alþingi IV“, *Þjóðólfrur* 31. júlí 1891, bls. 145–148, hér 146. Matthías Jochumsson hélt líku sjónarmiði fram síðar. Matthías Jochumsson, „Trúar- og kirkjumál Dana 1900“, *Eimreiðin* 1. maí 1902, bls. 120–133, hér 126–127, 130–131. Á Alþingi 1891 var m.a. lagt til að gjaldskylda utanþjóðkirkjufólks gagnvart þjóðkirkjunni yrði felld brott.

²² Jón Bjarnason, „Syndir kirkjufelagssins“ [sic], *Nordanfari* 5. júlí 1882, bls. 49–50, hér 50.

²³ Kjartan Helgason, „Um skilnað ríkis og kirkju“, *Nýtt kirkjublað* 1. ágúst 1912, bls. 179–186, hér 184–185; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður?“, bls. 20–47.

²⁴ Lárus Halldórsson, „Fríkirkjumálið á Sýnóðus 1899“, *Fríkirkjan* 1. júlí 1899, bls. 98–103, hér 101.

²⁵ Sama heimild, sama stað; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður?“, bls. 20–47.

²⁶ „Frjáls eða ófrjáls kirkja?“, *Frækorn* 1. maí 1900, bls. 68–69.

höfðu sig úr þjóðkirkjunni án þess að ganga í annað trúfélag væru áfram gjaldskyld til þjóðkirkjunnar. Áleit hann þetta fyrirkomulag valda því að margt fólk teldist til kirkjunnar af gömlum vana án þessa að samsama sig henni að nokkru marki. Ennfremur benti hann á að þau sem þannig stæði á um gætu aðeins notið þeirra borgaralegu réttinda sinna að ganga í hjónaband með því að láta þjóðkirkjuprest framkvæma hjónavígsluna en borgaralegt hjónaband stóð á þessum tíma aðeins þeim til boða sem sannanlega gátu ekki nýtt sér þjónustu þjóðkirkjunnar þar eð enginn prestur væri skyldur né fús til að veita þeim hana.²⁷

Fleiri tóku undir að skylda þeirra sem stóðu utan trúfélaga til að greiða sóknar- og prestsgjöld (síðar sóknargjald) drægi úr gildi trúfrelsisákvæða stjórnarskárinnar. Fólk gat til að mynda fest í þeirri stöðu til langframa vegna þess að það átti ekki kost á að stofna trúfélag í heimabyggð sinni þar sem allur þorri íbúanna fylgdi þjóðkirkjunni að málum eða sætti sig í það minnsta við hana.²⁸ Varð þetta gjaldamál meðal annars til þess að 1909 samþykkti neðri deild Alþingis áskorun til landstjórnarinnar að hefja undirbúning að aðskilnaði ríkis og kirkju þótt ekkert yrði úr málinu.²⁹ Þá var og bent á að ómögulegt væri að líta svo á að trúfrelsi væri til staðar meðan skylt væri að kenna börnum í almennum skólum kristin fræði einvörðungu á grundvelli evangelísk-lútherskrar trúarhefðar eins og raun var á fram á þriðja áratug tuttugustu aldar. Foreldrar sem játuðu aðra trú yrðu þá sjálfir að kosta trúfræðslu barna sinna, auk þess sem þeim var skylt að taka þátt í kostnaði af almennum skólunum.³⁰

Af því sem hér hefur verið sagt má líta svo á að á tímabilinu 1874–1915 hafi, þrátt fyrir undantekningar, sú skoðun verið ríkjandi innan þjóðkirkjunnar að í

²⁷ Auk þess taldi E.A. vafa leika á hvort ekki yrði að krefjast þjóðkirkjuaðildar af þeim sem gegndu ákveðnum embættum og/ eða hlutverkum í samfélaginu án þess að taka af skarið með það. [Einar Arnórsson], „Trúfrelsið“, *Fjallkonan* 22. mars 1907, bls. 47. Ýmsir, t.a.m. Skúli Thoroddsen (1859–1916), Guðmundur Finnbogason (1873–1955) og Gísli Sveinsson (1880–1959), voru Einarí sammála um að trúfrelsi og þjóðkirkjuskipan færi ekki saman. „Trúfrelsi og trúfræðsla“, *Þjóðviljinn* 14. september 1908, bls. 169–170, hér 169. Sjá: „Ríkiskyrkja og frikyrkja“, *Heimir* 1. mars 1912, bls. 146–149, hér 149; Guðm. Finnbogason, „Átrúnaður: Hugleiðingar um ýmis opinber fyrirbrigði (Niðurl.)“, *Lögberg* 4. september 1913, bls. 2; Gísli Sveinsson, „Trúfrelsi og kenningarfrelsi: Erindi flutt í Stúdentafélaginu í Rvík 14. marz 1914“, *Einreiðin* 1. september 1914, bls. 200–210, hér 200–206. Sjá og: G.Sv., „Skilnaður ríkis og kirkju“, *Njút kirkjublað* 1. desember 1915, bls. 277–278. Um andstaða skoðun sjá: Arnljótur Ólafsson, „Um frikirkju og frelsi kirkjunnar hjer á landi“, bls. 114–115; Gísli Skúlason, „Jafnrétti þjóðkirkju og frikirkju“, *Ísafold* 27. ágúst 1913, bls. 268–270, hér 268. Sjá og: A.J. Johnson, „Stjórnarskrárþreyingar o.fl.“, *Þjóðviljinn* 20. mars 1910, bls. 49–50, hér 50. — Um þjónustu presta við utanþjóðkirkjufólk og synjun þeirra í því efni sjá t.d.: Erlingur Friðjónsson, *Fyrir aldamót: Endurminningar Erlings Friðjónssonar*, Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1959, bls. 150–154; Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar 2*, Reykjavík: Ljóðhús, 1980, bls. 210–213; Páll Sigurðsson, „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi: Þáttur um þróun trúfrelsis og almennra mannréttinda“, *Svipmyndir úr réttarsögu: Þáttir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*, Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg, 1992, bls. 77–97, hér 80–81, 94.

²⁸ [Án titils], *Fjallkonan* 14. júlí 1891, bls. 109. Sjá og: „Mammons eða drottins þjónar“, *Reykjavík* 4. maí 1907, bls. 102–103; Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 44, ojs.hi.is/ritrodgudfrædistofnunar/article/view/2627/1418.

²⁹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 39–42.

³⁰ [Án höf.], „Trúfrelsi og trúfræðsla“, *Þjóðviljinn* 14. september 1908, bls. 169–170, hér 169; P. Stefánsson, „Trúfrelsi“, *Ingólfur* 16. mars 1911, bls. 42; Loftur Guttormsson, „Hikandi framkvæmd laga 1908–1925“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 92–105, hér 102–105; Ólafur Rastrick, „Námssgreinar og námsefni“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 163–177, hér 170–173; Ólafur Rastrick, „Hefðbundnar kjarnagreinar“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 180–192, hér 187–190.

landinu væri þegar nægilegt trúfrelsi til staðar. Það kom vel fram á almennri prestastefnu sem haldin var á Þingvöllum 1909 og þeirri umræðu sem fylgdi í kjölfar hennar. Þó var sú skoðun útbreidd að auka bæri frelsi innan þjóðkirkjunnar, svo sem kenningarfrelsi.³¹ Á almennum vettvangi litu margir aftur á móti svo á að trúfrelsinu væri ábótavant og töldu að það sem helst stæði í veginum væri sú skylda fólks sem sagt hafði sig úr kirkjunni að greiða eigi að síður til hennar tiltekin gjöld, of strangar hömlur á því að stofna til hjúskapar án aðkomu þjóðkirkjuprests, sem og stíf skilyrði um trúarlega uppfræðslu barna. Auk þessara atriða ber svo að nefna að staða safnaða og trúfélaga utan þjóðkirkjunnar var enn um margt óljós framan af tímabilinu einkum fyrir 1886.

Útmörk trúfrelsisins samkvæmt stjórnarskrá

Trúfrelsi komst á í Danmörku með grundvallarlögunum frá 1849.³² Vegna deilna um stöðu Íslands í alríkinu var lögunum hafnað hér og urðu landsmenn þessarar réttarbótar því ekki aðnjótandi fyrr en aldarfjórðungi síðar.³³ Í millitíðinni ríkti óvissa um frelsi landsmanna í trúarréttarlegu tilliti. Dönsk stjórnvöld vildu að þegnar þeirra á Íslandi nytu sem líkastra borgaralegra réttinda og Danir eftir því sem við gat átt.³⁴ Forystumenn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni, að Jóni Sigurðssyni (1811–1879) forseta helst undanskildum, höfðu á hinn bóginn sýnu minni áhuga á einstaklingsfrelsi, þar á meðal trúfrelsi, að minnsta kosti meðan þjóðfrelsi var ekki fengið.³⁵ Örlítið var þó slakað á trúarlegu taumhaldi áður en trúfrelsi komst á. Árið 1855 var kirkjusóknarskylda til að mynda felld úr lögum að danskri fyrirmynd þótt ströng helgidagalöggjöf væri enn í gildi. Íslendingar voru enda ófúsir til að skerða klassíska helgi

³¹ „Prestastefnan á Þingvelli“, *Heimskringla* 5. ágúst 1909, bls. 2; „Afrek prestastefnunnar“, *Baldur* 6. september 1909, bls. 2; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld. Umræður um aðskilnað og sjálfstæða þjóðkirkju á almennu prestastefnunum 1909–1910, bls. 66–67; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916“, bls. 108–109.

³² Danmarks Riges Grundlov, 5. juni 1849 (Junigrundloven) (84. gr.), *danmarkshistorien.dk*, sótt 31. mars 2022 af <https://danmarkshistorien.dk/leksikon-og-kilder/vis/materiale/danmarks-riges-grundlov-af-5-juni-1849-junigrundloven/#indhold1>.

³³ Fyrsta vísi að trúfrelsi hér má þó rekja aftur til sérstakra réttinda sem veitt voru erlendum borgurum er þjuggu í kaupstöðum hér á landi á 18. og 19. öld. Þá var gyðingum heimiluð landvist hér með opnu bréfi 1857. *Lovsamling for Island 17*, 1877, bls. 2–3 (konungsbréf 6. janúar 1857); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 370; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til máts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 54–55; Hjalti Hugason, „Upphaf umræðu á Alþingi um trúfrelsi og trúarlega minnihlutahópa“, bls. 51.

³⁴ *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 54–56 (athugasemdir við frumv. til laga um borgaralegt hjónaband); Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“, *Saga* 18/1980, bls. 179–224, hér 217–218; Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 103; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 54–55. Á tímabilinu 1849–1966 leit konungur svo á að dönsku grundvallarlögin giltu einnig hér á landi. Gunnar Már Jakobsson, Trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga, bls. 17.

³⁵ Sjá m.a. ummæli Arnljóts Ólafssonar á Alþingi 1863: *Alþingistíðindi* 1863 II: 1, bls. 117–118; Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 104; Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík“, bls. 183; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 55–56. Um hægfara þróun mannréttinda hér sjá t.d.: Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 178–184; Hjalti Hugason, „Upphaf umræðu á Alþingi um trúfrelsi“, bls. 41–53; Hjalti Hugason, „Mér finst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...“, bls. 75–76.

hvíldardagsins eins og gert hafði verið í Danmörku. Hélt svo út rannsóknar- tímabilið þótt trúarleg sjónarmið vikju um það leyti sem því lauk fyrir baráttu fyrir rétti vinnandi fólks til hvíldar.³⁶

Stjórnarskráin frá 1874 olli miklum straumhvörfum í trúarlegu tilliti og þá einkum vegna þess að konungur beitti „frjálsu fullveldi“ sínu í stað þess að fylgja þeirri stefnu í trúfrelismálum sem flestir alþingismenn fylgdu um þessar mundir og greinarhöfundur hefur nefnt „íslensku leiðina“. Hún fólst í að ekki skyldi slakað á í trúarefnum og trúfrelsi ekki aukið fyrr en fram væru komnir trúarhópar utan þjóðkirkjunnar sem gerðu það óhjákvæmilegt.³⁷ Ákvæði stjórnarskrárinnar um trúfrelsi komu fram í 46. og 47. gr. Fyrri greinin kvað á um rétt landsmanna til að stofna félög til að „[...] þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins [...]“.³⁸ Fólki var því ekki skylt að hallast að einni trúarskoðun fremur en annarri meðan það aðhylltist guðstrú (e. *theism*). Stóð svo allar götur til 1995 er ákvæðum stjórnarskrárinnar um trúarlegt félagafrelsi (46. gr.) var breytt í þá veru að kveðið var á um frelsi til að stofna trúfélög í staðinn fyrir félög til að þjóna Guði.³⁹ Ekki mátti þó kenna eða fremja neitt sem var gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.⁴⁰ Samkvæmt 47. gr. mátti ekki skerða borgaraleg og þjóðleg réttindi neins sökum trúarskoðana né heldur gat nokkur skorast undan almennri félagsskyldu á grundvelli trúar.⁴¹ Samkvæmt bókstaflegasta skilningi skyldi trú þannig enga þýðingu hafa varðandi borgaraleg réttindi fólks og skyldur svo lengi sem hún rúmaðist innan guðstrúar.⁴²

Orðalag fyrri trúfrelisgreinar stjórnarskrárinnar (46. gr.) bendir, eins og fram er komið, til að trúfrelsinu hafi einvörðungu verið ætlað að tryggja rétt

³⁶ Í helgidagatilskipun frá 1744 giltu strangar reglur um kirkjusókn. Í sambærilegri tilskipun frá 1855 var prestum upplagt að „[...] láta sér vera annat að innræta mönnum þá sannfæring, að þeir verði fúsir að færa sér guðsþjónustuna í nyt.“ Áfram var svo opinberlega hvatt til að almenningur sækti helgar tíðir af kostgæfni. *Lövsamling for Island 2*, 1853, bls. 512 (Forordn. om sabbatens [...] helligholdelse 29. maí 1744, gr. 8); *Lövsamling for Island 16*, 1871, bls. 82–83 (Forordn. [...] ang. Søn- og Helligdagenes vederbørlige helligholdelse 28. mars 1855, gr. 15); *Stjórnartíðindi* 1876 B, bls. 65–66 (bréf bisk. til landsh. 23. júní 1876); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 68–71, 105; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 92–93. Sjá og: Hjalti Hugason, „Helgi á undanhaldi: Frelsi eða fórn?“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 24/2007, bls. 111–132.

³⁷ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918, *Saga Íslands 10*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 3–312, hér 206; Hjalti Hugason, „Trúfrelsi og kirkjuskipan frá þjóðfundi til stjórnarskrár“, bls. 122–124; Hjalti Hugason, „Mér finst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...““, bls. 75–76.

³⁸ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874, *stjornarradid.is*, sótt 25. janúar 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/forsactisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf. Sökum þessa stjórnarskrárákvæðis nutu og njóta trúfélög ríkari verndar en önnur félög þar sem ekki er mögulegt að lýsa tilgang þeirra og starfsemi ólöglega með almennum lögum. Þessi aukna vernd tekur þó ekki til annarra starfa félaganna en guðsdýrkunarinnar. Þá nutu þau ekki meiri helgi en önnur félög gagnvart almennum lögum. Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, Reykjavík: höfundur, 1912, bls. 27–30; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 370–371.

³⁹ Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 12; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 180; Gunnar Már Jakobsson, Trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga, bls. 18, 49. Hliðstæð breyting hafði verið gerð í lögum tuttugu árum fyrr er lög um utanþjóðkirkjufólk véku fyrir lögum um trúfélög nr. 18/1975. *Stjórnartíðindi* 1975 A, bls. 58–61; Hjalti Hugason, „Trúfrelsi og þjóðkirkja: Saga og þróun“, bls. 182–183.

⁴⁰ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874.

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 13, 20, 23–24; Páll Sigurðsson, „Trúarbrögð og mannréttindi: Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga á Íslandi“, *Lagaskuggsjá: Greinar um lög og sögu*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 127–179, hér 127–128.

fólks sem játaði guðstrú. Einar Arnórsson leit auk þess svo á að ákvæði greinarinnar tækju varla til fleirgyðistrúarfólks.⁴³ Þá áleit hann að þrátt fyrir ákvæði 47. gr. hlyti kristni í einhverri mynd eða að minnsta kosti trú á einn guð að vera skilyrði þess að fólk gæti notið sumra borgaralegra réttinda sinna þótt vissulega væri ekki mögulegt að áskilja að fólk væri „þjóðkirkjutrúar“ eða lútherskt.⁴⁴ Þau sem afneituðu guði gætu til að mynda ekki tekist á hendur ákveðin störf og embætti sem honum virtust ekki samræmast slíkri afstöðu. Áleit hann þannig áhorfsmál hvort ráðherra landsins yrði ekki að vera þjóðkirkjutrúar vegna skyldna hans við þjóðkirkjuna. Sama máli gildi þá um landritara, sem var staðgengill ráðherrans. Ennfremur vísaði Einar til þess að alþingis- og embættismenn yrðu að vinna eitt að stjórnarskránni og legðu þá við nafn guðs að halda stjórnskipunarlæg landsins. Því væri gert ráð fyrir að viðkomandi tryðu á einhvern guð. Þá benti hann á að trúnaðar- og embættismenn á vettvangi kirkjunnar yrðu „að sjálfsögðu“ að vera „þjóðkirkjutrúar“.⁴⁵ Loks áleit hann að þau sem kenndu kristinfræði í opinberum skólum yrðu að vera kristin og líklega lúthersk.⁴⁶ Danska stjórnin tók þó fljótt að gera ráð fyrir að einhver kysu að standa utan allra trúfélaga og væru trúlaus.⁴⁷ Var síðari trúfrelsisgreininni (47. gr.) þá jafnvel ætlað að tryggja að réttindi þeirra skertust ekki. Við setningu laga um trúfélög 1975 var litið svo á að stjórnarskrárgjafinn hefði aldrei ætlað trúfrelsisgreininni svo þröngt gildissvið. Þvert á móti var litið svo á að ætlunin hefði frá upphafi verið að lögfasta víðtækara trúfrelsi án þess þó að festa hlutleysi ríkisins í trúarefnum í sessi.⁴⁸ Hvað sem um það má segja er í öllu falli ástæða til að ætla að upphaflega orðalagið hefði verið túlkað rúmt, ef á hefði reynt, og verið látið ná yfir trúariðkun sem ekki teldist guðstrú í þröngri merkingu orðsins.⁴⁹ Að minnsta kosti er ólíklegt að dönsk stjórnvöld hefðu fallist á öllu þröngri túlkun.

Lög um utanþjóðkirkjufólk sem sett voru 1886 og var einmitt ætlað að skýra rétt þeirra er snúið höfðu baki við þjóðkirkjunni virðast þó sýna að þá var trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar túlkað svo að frelsið væri bundið við guðstrú. Að minnsta kosti er í þeim gert ráð fyrir einhvers konar trú. Í þeim var til dæmis gengið út frá að öll börn hlytu trúarlegt uppeldi. Í lögunum var því ekki

⁴³ Einar Arnórsson, *Íslenskt kirkjuréttur*, bls. 28–29; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 168–169. Arnljótur Ólafsson leit svo á að ákvæðið næði til þeirra sem viðurkenndu og tilbáðu guðdómlega veru en ekki hinna sem dýrkuðu engan Guð. Trúleysis- og guðleysisfélög væru því ólögleg. Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Niðurl.)“, bls. 267.

⁴⁴ Einar Arnórsson, *Íslenskt kirkjuréttur*, bls. 20.

⁴⁵ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874 (2.–4. gr.).

E.A. benti á að ef sýslumenn og dómara í landsyferrétti ættu að geta tekið sæti í prófasts- og synodalrétti yrðu þeir að vera þjóðkirkjumenn. Það gæti þó ekki verið almenn krafa þar sem ætíð mætti finna einhvern slíkan sem fullnægði því skilyrði. Þá taldi hann áhorfsmál hvort héraðsdómarar þyrftu í það minnsta að viðurkenna þrenningarlærdóm kristinnar þar sem gengið væri út frá honum við svardaga vitna, matsmanna og málsaðilja fyrir rétti. Einar Arnórsson, *Íslenskt kirkjuréttur*, bls. 20–23. Árið 1911 var lögfest að drengskaparheit gæti komið í stað eða nema þegar verðandi embættismenn og þingmenn ættu í hlut. Um þá giltu ákvæði 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar. *Sjómartíðindi* 1911 A, bls. 186–191 (l. nr. 29/1911).

⁴⁶ Einar Arnórsson, *Íslenskt kirkjuréttur*, bls. 22–23.

⁴⁷ *Alþingistíðindi* 1877 I, bls. 606–607.

⁴⁸ *Alþingistíðindi* 1974–75 A, bls. 237 (athugasemdir við frumv. til laga um trúfélög).

⁴⁹ Gunnar Már Jakobsson, Trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga, bls. 49.

reiknað með að fólk tæki afstöðu gegn hvers kyns trú eða stæði utan allra trúfélaga til langframa. Foreldrar höfðu þó nokkurt forræði í þessu efni og ekki varð að miða við trú þjóðkirkjunnar.⁵⁰

Eins og drepið var á í upphafi mörkuðu stjórnarskrárbreytingar sem gerðar voru 1915 þáttaskil í þróun trúfrelsisins. Þá var bætt aftan við 47. gr. ákvæði um að ekki mætti skylda fólk til inna af hendi persónuleg gjöld til „[...] neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar [...]“ en það sjálft aðhylltist.⁵¹ Með þessu skyldi komið til móts við langvarandi gagnrýni á gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks til sóknarkirkju og -prests sem þótti þegar snemma á rannsóknartímabilinu skerða mjög trúfrelsið. Fólk skyldi þó ekki hagnast fjárhagslega af breytingunni. Þau sem stæðu utan allra trúfélaga skyldu því eftirleiðis greiða til Háskóla Íslands sömu upphæð og þau hefðu ella greitt til þjóðkirkjunnar.⁵² Háskólinn var þá nýstofnaður og þótti nýtast allri þjóðinni, jafnvel þeim sem aldrei settust í hann eða nýttu sér þjónustu hans beint. Þar með var íslenska stjórnarskráin loks orðin samstiga dönsku grundvallarlögunum í þessu efni en þau höfðu þá gilt hátt í sjö áratugi.⁵³ Þarna var í fyrsta skipti kveðið á um að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga og þar með aðhyllast trúleysi þótt með óbeinum hætti væri.⁵⁴ Því var trúfrelsið með breytingunni útvíkkað miðað við það sem áður hafði verið. Var þó 46. gr. stjórnarskrárinnar óbreytt allt til 1995.⁵⁵

Í öndverðu var margt óljóst í hugum manna um framkvæmd þess trúfrelsis sem stjórnarskráin boðaði. Vorið 1876 greindi *Þjóðólfur* Matthíasar Jochumssonar (1835–1920) frá því að haustið áður hefðu mormónar úr Vestmannaeyjum viljað hefja trúboð í Reykjavík en bæjarfógeti synjað þeim um leyfi þar sem trúfélag þeirra leyfði fjölkvæni, auk þess sem þeir hefðu ekki söfnuð til að predika yfir. Kvað greinarhöfundur, líklega ritstjórinn sjálfur, að fyrra atriðið fengi líklega staðist þar sem fjölkvæni stangaðist á við almennt siðgæði og auk þess landslög. Væri því síðarnefnda framfylgt taldi hann á hinn bóginn að banna þyrfti öllum trúflokum utan lúthersku kirkjunnar að predika hér þar sem ekkert trúfélag hefði enn verið stofnað utan hennar. Kvað hann það svo standa í vegi fyrir að íslensk kristni og trúarlíf gæti endurnýjast en slíks væri

⁵⁰ Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 16–20.

⁵¹ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915, *stjornarradid.is*, sótt 25. janúar 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/forsactisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf.

⁵² Sama heimild.

⁵³ Danmarks Riges Grundlov, 5. juni 1849 (Junigrundloven). Lárus Halldórsson leit svo á að ástæða þessa fráviks stjórnarskrárinnar frá grundvallarlögunum hafi verið að ekkert trúfélag hafi verið hér utan þjóðkirkju þegar stjórnarskráin var sett, öfugt við það sem raun var á í Danmörku. Því hefði þótt ótímabært að kveða þar á um gjaldfrelsi utanþjóðkirkjufólks. Taldi hann að við þessu þyrfti að bregðast. Í aðdraganda lagasetningarinnar 1886 taldi hann því að það þyrfti að gera í lögunum sem í undirbúningi væru og ætlað væri „[...] að framkvæma vilja stjórnarskrárinnar“. Meirihlutinn á Alþingi var honum ekki sammála og hefur ekki viljað skerða tekjur þjóðkirkjunnar meira en óhjákvæmilegt væri. Önnur ástæða sem L.H. nefndi var að stjórnvöld óttuðust að fram kæmi fjöldi frísafræða og að landssjóður yrði að bæta prestum upp tekjumissi af þeim sökum. Lárus Halldórsson, „Stjórnarskrá, alþingismedferð og ráðgjafabryf: Nokkur orð um frávikjendur í Reyðarfirði“, *Fríði* 10. maí 1884, bls. 127–132, hér 128–129; Lárus Halldórsson, „Eiga þeir menn, sem mynda safnaðarfelög utan þjóðkirkjunnar, að greiða eptir sem áður hin venjulegu „gjöld til prests og kirkju“?“, *Norðanfari* 3. júlí 1884, bls. 33–34.

⁵⁴ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915 (47. gr.); Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 170–174. Sjá: Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Inntak og merking“, bls. 171–173. Hið sama hafði raunar komið fram með sama hætti í lögum um að drengskaparorð gæti komið í stað eids þegar vitni í máli játaði enga trú og stóð utan trúfélaga. *Stjórnartíðindi* 1911 A, bls. 186 (l. nr. 29/1911).

⁵⁵ Hjalti Hugason, „Trúfrelsi og þjóðkirkja: Saga og þróun“, bls. 182–183.

ekki að vænta af Þjóðkirkjunni. Þar með væri heldur ekki um neitt trúfrelsi að ræða í reynd þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar.⁵⁶ Mormónum var áfram meinað að boða trú sína í Reykjavík um 1880.⁵⁷ Þá höfðu bæjarfógetaskipti orðið. Nýr fógeti leit svo á að hann gæti ekki bannað trúboðunum að dvelja í bænum meðan þeir gátu framfleytt sér og brytu ekki lög. Á hinn bóginn gæti hann meinað þeim að predika opinberlega þótt vissulega gæti hann ekki komið í veg fyrir að einhverjir tækju trú þeirra eftir öðrum leiðum.⁵⁸ Ónafngreindur greinarhöfundur í blaðinu *Máni* (sem var gefið út í Reykjavík 1879–1882) áleit ómögulegt að aðhafast nokkuð gegn mormónum nema því aðeins að þeir væru beinlínis staðnir að því að kenna opinberlega eitthvað sem stríddi móti almennu velsæmi, boðuðu til að mynda fjölkvæni í predikunum sínum. Aftur á móti nægði ekki að trúflokkur þeirra kynni að aðhyllast skoðanir sem orkuðu tvímælis andspænis takmörkunum stjórnarskrárinnar.⁵⁹ Mörgum þótti bæjarfógeti þó taka mildilegar á mormónum en háembættismenn fyrirskipuðu að gert væri utan bæjarins.⁶⁰ Þær skiptu skoðanir sem fram komu um rétt mormóna í þessu efni sýna mismunandi túlkanir á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Bæjarfógetarnir litu greinilega svo á að það fæli einvörðungu í sér frelsi til að starfrækja trúfélög en að boðun þeirra mætti aðeins beinast að safnaðarfólki. Þetta er skýrt einkenni á *dissenter*-fyrirkomulagi. Frjálslyndari viðhorf komu þó fram í umræðunni og fólu í sér að lítið var svo á að stjórnarskráin heimilaði ágengari boðun svo framarlega sem þrengingarákvæði stjórnarskrárinnar um að gætt skyldi góðs siðferðis og allsherjarreglu væru virt.

Lög um utanþjóðkirkjufólk — Aðdragandi og áhrif

Vegna þeirra nýjunga sem stjórnarskráin 1874 fól í sér á trúmálasviðinu er ljóst að aðkallandi var að kveðið yrði nánar á um réttindi og skyldur þeirra sem notfærðu sér það frelsi sem grunnur hafði verið lagður að.

Jón Ólafsson (1850–1916), ritstjóri og þingmaður Suður-Múlasýslu, gerði fyrstu umfangsmiklu tilraunina til að mæta þessari áskorun. Hann var ötull boðberi mannréttinda og beitti sér meðal annars fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju á þeim grundvelli.⁶¹ Ástæðan fyrir tillögugerð hans var þó öðrum þræði að deilur höfðu spunnist í kjördæmi hans um veitingu Hólmaprestakalls í Reyðarfirði 1880 og var stofnaður þar fríkirkjusöfnuður af þeim sökum. Árið eftir bar Jón fram þingsályktunartillögu um að stofnuð væri nefnd til að semja frumvarp

⁵⁶ „Það verður fróðlegt að vita, hvernig háyfirvöldin hjer fara að skilja hvað stjórnarskráin meinar með trúarbragðafrelsi“, *Þjóðólfrur* 24. maí 1876, bls. 75.

⁵⁷ Heimsókn mormónanna mæltist illa fyrir þótt stundum væri viðurkennt að torvelt væri að sporna við útbreiðslu nokkurrar trúar er trúfrelsi væri innleitt. „Úr brjefi úr Reykjavík“, *Norðanfari* 15. apríl 1880, bls. 48–49, hér 49. Egilsson, „Fréttir“, *Þjóðólfrur* 26. mars 1881, bls. 25–27.

⁵⁸ „Mormónarnir“, *Þjóðólfrur* 20. desember 1879, bls. 6; E.Th. Jónassen, [án titils], *Þjóðólfrur* 12. mars 1881, bls. 21–22, hér 22; [Bréf til ritstj.], *Þjóðólfrur* 29. janúar 1881, bls. 10. Bæjarfulltrúi í Reykjavík hafði kvartað yfir dvöl mormónanna í bænum og taldi að vísa ætti þeim þaðan þar sem þeir hefðu ekki sótt um dvalarleyfi. „Mormónar í Reykjavík“, *Þjóðólfrur* 16. janúar 1881, bls. 6.

⁵⁹ Öndverður, „Pólitiskir viðvaningar“, *Máni* 4. apríl 1881, bls. 81–86, hér 83.

⁶⁰ Egilsson, „Fréttir“, *Þjóðólfrur* 26. mars 1881, bls. 25–27, hér 26.

⁶¹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, hér 55, *ojs.hi.is*, sótt 7. apríl 2022 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>.

til laga um „[...] rjett þeirra trúfjelaga sem ekki eru í þjóðkirkjunni.“⁶² Var til-lagan samþykkt og nefnd kosin en hún skilaði ekki álit.⁶³ Af þeim sökum bar Jón fram eigið frumvarp á næsta þingi (1883) „[...] um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga, sem eru ekki í þjóðkirkjunni.“⁶⁴ Tók það til réttar allra er fermd höfðu verið og náð 16 ára aldri til að segja sig úr kirkjunni, sem og til skírnar og uppfræðslu barna þeirra er neytt höfðu þessa réttar. Auk þess kvað það á um stofnun hjónabands utan þjóðkirkjunnar, borgaralega eða á vettvangi annars trúfélags, rétt utanþjóðkirkjufólks til legs í kirkjugörðum og loks gjöld fólks til kristnihalds.⁶⁵ Þetta voru helstu vandamálin sem brunnu á utanþjóðkirkjufólki um þessar mundir. Jón dró frumvarpið þó til baka þar eð nefnd sem kosin var til að fjalla um það undir formennsku hans sjálfs ákvað að bera fram nýtt frumvarp um sama málefni.

Hugsunin að baki nýja frumvarpinu var þó allt önnur en Jón Ólafsson hafði lagt upp með en það miðaði að því að halda fríkirkjusöfnuðum á borð við þann sem stofnaður hafði verið í Reyðarfirði innan vébanda þjóðkirkjunnar. Samkvæmt því skyldi heimilt að stofna „frjálsa (sjerstaka) söfnuði“ eða „kjör-söfnuði“ innan þjóðkirkjunnar svo fremi sem tuttugu „húsfeður“ stæðu að stofnuninni, auk þess sem þeir hefðu aðgang að kirkju og ættu vísa prests-þjónustu. Hvort tveggja, húsrými og prest, áttu kjörsöfnuðir þó að geta sótt til þjóðkirkjunnar. Þeir skyldu aftur á móti sjálfir bera allan kostnað af kristnihaldi sínu en félagar í þeim aftur á móti að vera gjaldfrjálsir gagnvart þjóðkirkjunni. Prestum sem yrðu fyrir tekjumissi af þessum sökum átti að bæta skaðann úr landssjóði. Áttu söfnuðir þessir að lúta eftirliti og tilsjón prófasts og biskups en vera samt heimilt að haga helgisiðum sínum að eigin vild. Við samningu frumvarpsins hafði verið tekið mið af þörfum eina fríkirkjusafnaðarins sem þegar hafði tekið til starfa og höfð hliðsjón af frumvarpi til laga um prests-kosningar sem einnig lá fyrir þinginu. Næði það fram að ganga var talið að lögin um „frjálsu söfnuðina“ mundu fljótt missa gildi sitt þar sem veitingar-valdið færðist frá kirkjustjórninni til safnaðanna. Deila um veitingu prests-embættis hafði einmitt orðið til þess að fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði hafði klofið sig frá þjóðkirkjunni. Þá var tekið mið af lögum um leysingu sóknar-bands frá 1882, sem og dönskum lögum um kjörsöfnuði frá 1868. Líklegt er að þessa stefnubreytingu megi rekja til Þórarins Böðvarssonar (1825–1895), prófasts í Görðum á Álftanesi og þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, en hann sat í nefndinni. Hann var einn af helstu formælendum þess að tengslum

⁶² *Alþingistíðindi* 1881 I, bls. 279 (till. til þingsályktunar). Um áhersluatriði J.Ó. sjá [án höf.]: „Ritstjórnin í stólnum“, *Skuld* 28. júlí 1877, bls. 51–59, hér 58; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 30–31.

⁶³ *Alþingistíðindi* 1881 I, bls. 279 (till. til þingsályktunar); *Alþingistíðindi* 1881 II, bls. 1177; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 30–31.

⁶⁴ *Alþingistíðindi* 1883 B, bls. 96–101, 575–576; *Alþingistíðindi* 1883 C b, bls. 156. (frv. til laga um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga sem eru ekki í þjóðkirkjunni).

⁶⁵ Bar Jón fram frumvarpið fyrir áeggjan fríkirkjumanna í Reyðarfirði. Ein af ástæðum hans til að bera það fram var að fyrirbyggja nauðungarskírnrir er rætt hafði verið um. *Alþingistíðindi* 1883 C b, bls. 156; *Alþingistíðindi* 1883 B, bls. 96, 97–101, 575–576; *Alþingistíðindi* 1883 C b, bls. 156 (frv. til laga um rjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga sem eru ekki í þjóðkirkjunni); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 31.

ríkis og kirkju væri haldið en sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukið.⁶⁶ Fékk frumvarp-
ið þinglega meðferð í neðri deild en var felld frá annarri umræðu í efri deild.⁶⁷

Meðan á þessum seinagangi stóð, eða árið 1883, lýstu dönsk stjórnvöld því yfir að innlend yfirvöld mættu ekki torvelða trúboð nýrra trúflokka hér né beita félaga þeirra eða annað fólk sem sneri baki við trú þjóðkirkjunnar félagslegu taumhaldi er kæmi í veg fyrir að það nyti stjórnarskrárvarins réttar síns.⁶⁸ Tveir úrskurðir Íslandsmálaráðherra, Johannesar M.V. Nellemann (1831–1906), frá 1883 og 1884 varpa líka ljósi á stöðu fólks sem þegar hafði neytt réttar síns til að stofna eigin söfnuði. Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði hafði ráðið sér prest 1883 en fékk ekki staðfestingu konungs á ráðningunni fyrr en 1887 enda engin lög til um slíka staðfestingu fyrr en 1886. Samkvæmt úrskurðunum taldi ráðherra að vegna trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar væri ekki mögulegt að banna fríkirkjufólkinu að láta prest sinn vinna prestsverk fyrir sig. Þó hefðu skírnir, fermingar og hjónavígslur sem fríkirkjupresturinn framkvæmdi enga borgaralega þýðingu. Þau sem létu sér nægja hjónavígslu fríkirkjuprestsins í því millibilsástandi sem ríkti uns hann hlaut opinbera staðfestingu bjuggu því ekki saman í löggiltu hjónabandi, börn þeirra voru auk þess óskilgetin að skilningi laga og áttu ekki að taka arf eftir föður sinn. Skírnir fríkirkjuprestsins skyldu á hinn bóginn teljast fullgildar kirkjulega séð þar sem þjóðkirkjan viðurkenndi skírn annarra kristinna trúfélaga og kirkjudeilda og hana mátti færa í kirkjubók sóknarinnar hefði sóknarpresturinn fengið áreiðanlegt vottorð fyrir að hún hefði farið fram. Skírnarvottorð fríkirkjuprestsins hafði aftur á móti ekkert opinbert sönnunargildi umfram það að skrá mætti skírnina. Þá gat fríkirkjufólkið ekki komist undan því að greiða sóknarprestinum og -kirkjunni þau gjöld sem því bar. Meðal annars átti það að bæta sóknarprestinum tekjumissi vegna þeirra prests- eða aukaverka sem fríkirkjupresturinn vann. Samkvæmt úrskurðinum var presti fríkirkjufólksins óheimilt að nota kirkju sóknarinnar og áhöld hennar. Látið fríkirkjufólk skyldi áfram grafið í kirkjugarði sóknarinnar enda var það gjaldskylt til hans meðan það hafði ekki eignast sérstakan grafreit. Utanþjóðkirkjumenn máttu þó ekki halda ræður eða viðhafa neina helgisiði við greftranir í garðinum. Sóknarpresturinn gat á hinn bóginn, ef hann vildi, kastað rekum á hinn látna. Fríkirkjupresturinn hafði ekki heimild til að halda form-

⁶⁶ *Sjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66–69 (l. nr. 9/1882); *Alþingistíðindi* 1883 C b, bls. 178 (frv. til laga um stofnun frjálsra (sjerstakra) safnaða innan þjóðkirkjunnar); Valg- og frimenighedernes historiske baggrund, *frie grundtvigske.dk*, sótt 7. september 2021 af <https://frie grundtvigske.dk/itemlist/category/9-historisk-baggrund.html>;

Departementstidenden 16. maí 1868, bls. 433–434; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 59–60. Sjá: Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 38–39. Tilraun til að koma í veg fyrir kirkjuklofning hafði raunar þegar verið gerð 1877 en þá bar danska stjórnin fram frumvarp um leysingu sóknarbands. Sú tilraun náði þó ekki fram að ganga fyrr en með lögum 1882. Var frumvarpinu atlað að koma til móts við fólk sem komst í missætti við þjóðkirkjuna í héraði, til að mynda vegna embættisveitinga eða sameiningar prestakalla. Lögum var einnig atlað að auka frelsi þeirra sem kusu að tilheyra þjóðkirkjunni áfram þrátt fyrir óánægju vegna annarra staðbundinna aðstæðna. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 372–373. Í Danmörku hafði leysing sóknarbands verið heimilud með lögum frá 1855 og málinu hafði verið hreyft hér a.m.k. frá 1869. *Departementstidenden* 21. apríl 1855, bls. 354–356; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 74–76.

⁶⁷ *Alþingistíðindi* 1883 A, bls. 298–301; *Alþingistíðindi* 1883 B, bls. 101, 245–255; *Alþingistíðindi* 1883 C, bls. 178 (frv. til laga um stofnun frjálsra [...] safnaða [...]); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, 1845–1943, bls. 31; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 373–374.

⁶⁸ Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 56. Sjá og: *Sjórnartíðindi* 1883 B, bls. 4 (bréf landsh. [...] um málsókn og tálmanir [...] gegn boðendum mormónatrúar).

legar kirkjubækur og varð fríkirkjufólkið því að tilkynna sóknarpresti um fæðingu og nöfn barna sinna, sem og dauðsföll í söfnuðinum. Fríkirkjufólkið var með öðrum orðum gjaldskylt til sóknarkirkjunnar og -prestsins án þess að geta nýtt sér þjónustu í sókninni að öðru leyti en færslur í kirkjubækur sem jafngiltu þjóðskrá nú á dögum og þjónuðu því ekki síður hagsmunum samfélagsins en fólksins sjálfs.⁶⁹ Þá ákvarðaði ráðherrann að eftirlit sóknarpresta með alþýðufræðslu næði til allra barna, óháð kirkjuaðild foreldranna. Sóknarpresti væri því bæði rétt og skylt að húsvitja hjá fríkirkjufólki. Þar eð ekki var uppi ágreiningur í trúarefnum milli eina fríkirkjusafnaðarins sem stofnaður hafði verið og þjóðkirkjunnar átti sóknarpresturinn jafnvel að líta eftir námi barnanna í kristnum fræðum. Átti að höfða sakamál gegn þeim sem kynnu að tálma sóknarpresti að sinna eftirlitsskyldu sinni. Þar sem ferming var aðeins fyrirskipuð fyrir þau sem voru í þjóðkirkjunni átti sóknarpresturinn þó ekki að halda uppi hliðstæðu eftirliti og fram fór við hana meðal unglunga sem tilheyrðu fríkirkjusöfnuðinum og á honum hvíldi engin skylda að hafa eftirlit með breytni fólks sem hafði gengið úr þjóðkirkjunni.⁷⁰ Úrskurðir ráðherrans komu vissulega til móts við þarfir fríkirkjufólksins en byggðust alfarið á *dissenter*-hefðinni.

Eins og sjá má var réttur fríkirkjusafnaðarins mjög takmarkaður í því milli-bilsástandi sem ríkti frá stofnun hans og til gildistöku laganna frá 1886. Lárus Halldórsson (1851–1908), áður prófastur á Valþjófsstað, sem ráðist hafði til fríkirkjusafnaðarins benti á að úrskurðirnir gengju of skammt og stjórnvöldum bæri skylda til að tryggja fríkirkjukirkjufólki tafarlaust það trúfrelsi sem stjórnarskráin áskildi því. Til þess að svo yrði þyrfti það að geta hagað kirkjulegum athöfnum samkvæmt eigin sannfæringu og trúarkenninum án þess að það drægi úr lagalegri þýðingu þeirra.⁷¹

Á þingi 1885 var enn fjallað um málefni utanþjóðkirkjufólks í tveimur aðskildum frumvörpum. Jón Ólafsson bar fram nýtt frumvarp um málefnið. Þar var kveðið á um gjaldfrelsi fólksins gagnvart þjóðkirkjunni, rétt til borgaralegs hjónabands, trúarlegt uppeldi barna og nokkur fleiri atriði sem meðal annars lutu að úrsögn úr þjóðkirkjunni og inngöngu í hana og loks helgidagafrið. Þá var og kveðið á um skyldur presta eða forstöðumanna utanþjóðkirkjusafnaða.⁷² Danska stjórnin bar þá og öðru sinni fram frumvarp sitt frá 1877 sem tryggja átti utanþjóðkirkjufólki þau brýnu borgaralegu réttindi að geta gengið í hjónaband. Nálgun stjórnarinnar var því þrengri og tæknilegri en sú stefna sem kom fram í frumvarpi Jóns og miðaði aðeins að því að tryggja fólki er yfirgæfi

⁶⁹ Ekki skyldi á hinn bóginn geta um fermingar og hjónavígslur fríkirkjuprestsins í kirkjubók þar sem þjóðkirkjan viðurkenndi ekki guðfræðilegt gildi ferminganna og ríkisvaldið viðurkenndi ekki borgaralegt gildi þeirra né heldur hjónavígslanna. *Stjórnartíðindi* 1883 B, bls. 133–134 (bréf ráðgj. [...] til landsh. um framkvæmd prestsverka í Hólmaprestakalli); *Stjórnartíðindi* 1884 B, bls. 181–182 (bréf ráðgj. [...] til landsh. um stöðu prestsins í Hólmaprestak. gagnvart hinum svonefndu fríkirkjumönnum). Sjá: Páll Björnsson, *Ættarnöfn á Íslandi: Atrök um þjóðararf og myndir*, Reykjavík: Sögufélag, 2021, bls. 35–36.

⁷⁰ *Stjórnartíðindi* 1883 B, bls. 133–134 (bréf ráðgj. til landsh. um framkv. prestsverka í Hólmaprestakalli); *Stjórnartíðindi* 1884 B, bls. 181–182 (bréf ráðgj. [...] til landsh. um stöðu prestsins í Hólmaprestak. gagnvart hinum svonefndu fríkirkjumönnum).

⁷¹ L.H. greindi ekki á við þjóðkirkjuna í kenningarlegum efnunum en vék í ýmsu frá helgisíðum hennar. Lárus Halldórsson, „Stjórnarskrá, alþingismeðferð og ráðgjafarbrjef: Nokkur orð um frávíkjendur í Reyðarfirði III“, *Fróði* 25. júní 1885, bls. 145–149.

⁷² *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 123–124 (frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn).

Þjóðkirkjuna þau grundvallarmannréttindi sem því bar samkvæmt stjórnarskránni.⁷³ Í meðförum efri deildar var stjórnarfrumvarpinu, sem aðeins hafði boðað borgaralegt hjónaband til handa utanþjóðkirkjufólki, hafnað og borið var fram nýtt frumvarp um að öllum stæði slíkt hjónaband til boða.⁷⁴ Í neðri deild var stjórnarfrumvarpið svo sameinað frumvarpi Jóns Ólafssonar í nýju frumvarpi „um utanþjóðkirkjumenn“. Hann dró því frumvarp sitt til baka eins og í fyrri atrenninni. Hlaut nýja frumvarpið samþykki beggja deilda lítið breytt og varð að lögum um utanþjóðkirkjumenn nr. 4 frá 19. febrúar 1886 en þau marka þáttaskil í sögu trúfrelsis á landinu.⁷⁵

Lögin skiptust í þrjá hluta. Sá fyrsti fjallaði um „borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna og trúfræðslu barna þeirra“.⁷⁶ Annar hlutinn fjallaði um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkjupresta og embættisverk þeirra. Þar var kveðið á um að eftir staðfestingu laganna hefðu embættisverk utanþjóðkirkjuprestanna sömu borgaralegu þýðingu og athafnir þjóðkirkjupresta. Þá væru þeir í meginatriðum bundnir sömu skyldum. Utanþjóðkirkjufólki sem naut þjónustu prests eða forstöðumanns sem hlotið hafði opinbera staðfestingu skyldi heimilt að nota kirkjugarða þjóðkirkjunnar og viðhafa þar eigin helgisíði og jafnframt að opna eigin grafreiti er uppfylltu sömu skilyrði og kirkjugarðar, meðal annars hvað heilbrigðishætti áhrærði. Lokakaflinn fjallaði loks um gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks.⁷⁷ Lögin fólu í sér að lítið var á alla landsmenn sem þjóðkirkjufólk nema það segði sig úr kirkjunni. Það taldist þó eftir sem áður til hennar í vissum skilningi, einkum gjaldalega séð, nema það gengi í annað trúfélag með staðfestan forstöðumann eða prest.⁷⁸ Um ákvæði laganna um borgaralegt hjónaband, trúfræðslu barna og gjaldskyldu verður fjallað ýtarlegar aftar í greininni. Af markmiði laganna, sem var að tryggja fólki sem yfirgefið hafði kirkjuna lágmarksréttindi samkvæmt stjórnarkránni, er ljóst að líta ber á þau sem *dissenter*-lög. Hið sama kemur fram í heiti þeirra en í því er gengið út frá stöðu fólksins gagnvart þjóðkirkjunni.⁷⁹

Lögin frá 1886 ollu straumhvörfum á þann hátt að þau sköpuðu skýra lagaheimild fyrir starfi fríkirkjusafnaða og gerðu félag þeirra að mestu óháða þjóðkirkjunni. Einnig lögðu þau sitt af mörkum við að draga úr fordómum gagnvart nýjum trúarhópum en afstaða til þeirra hafði verið æði neikvæð meðan staða þeirra var með öllu óljós.⁸⁰ Til dæmis um það má nefna að á Alþingi 1883 barst

⁷³ *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 52–58 (frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands [...]); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 370–371.

⁷⁴ *Alþingistíðindi* 1885 B, bls. 511–512; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 30–32.

⁷⁵ *Alþingistíðindi* 1885 A, bls. 129–141; *Alþingistíðindi* 1885 B, bls. 510–525; *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 140–142 (nefndarálit (efri deildar) um frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands [...]), 224–226 (frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn); *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 16–23 (l. nr. 4/1886).

⁷⁶ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 16–21 (l. nr. 4/1886).

⁷⁷ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 20–23 (l. nr. 4/1886); Gunnar Már Jakobsson, Trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga, bls. 49, 53. Þjóðkirkjuprestum var heimilt að synja þeim sem ekki voru skírð, fermd og höfðu verið til altaris um hjónavígslu þótt þau teldust til þjóðkirkjunnar. Slíkt fólk gat því hafnað í þeirri stöðu að verða að fullnægja þeim skilyrðum eða segja sig úr kirkjunni til að geta gengið í hjónaband. Skírnar, fermingar og altarisgöngu var ekki krafist við stofnun borgaralegs hjónabands. *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 16–18 (l. nr. 4/1886); Einar Arnórsson, *Íslenzkur kirkjuréttur*, bls. 14–15; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 32.

⁷⁸ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 168–169.

⁷⁹ Páll Sigurðsson, „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi“, bls. 91.

⁸⁰ „Þjóðkirkjuandinn“, *Frikirkjan* 1. desember 1899, bls. 184–186, hér 184–185.

fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði í tal í umræðum um frumvarp Jóns Ólafssonar og var tilvist hans kölluð hneyksli.⁸¹ Lögin tóku smávægilegum breytingum vegna tilkomu heimastjórnar 1904. Skömmu eftir að tímabilinu sem þessi grein tekur til, eða árið 1917, voru sett ný lög um hjónavígsluna. Samkvæmt þeim stóð öllum borgaralegt hjónaband til boða óháð aðild að þjóðkirkjunni. Þá skyldu skírn, ferming og altarisganga ekki lengur vera hjúskaparskilyrði. Lögin afhelguðu hjónabandið því verulega. Loks voru ákvæði um trúarlegt uppeldi barna felld brott. Að öðru leyti giltu lögin frá 1886 í meginatriðum óbreytt í um 90 ár eða þar til lög nr. 18/1975 um trúfélög tóku við.⁸² Ólafur Jóhannesson (1913–1984), þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, hafði lagt fram frumvarp að nýju lögunum veturinn 1973–1974. Það varð þá ekki útrætt og var lagt fram að nýju veturinn eftir. Ástæðurnar fyrir stefnubreytingunni sem nýju lögin boðuðu voru margþættar: aldur laganna frá 1886 og umræður um stöðu utanþjóðkirkjufólks sem staðið höfðu yfir, auk endurskoðunar á löggjöf um þjóðkirkjuna.⁸³

Að mati Skúla Thoroddsen (1859–1916), alþingismanns og ritstjóra, sniðu lögin frá 1886 utanþjóðkirkjufólki að nokkru leyti þrengri stakk en þeim sem tilheyrðu þjóðkirkjunni. Til dæmis benti hann á að ef annað hjónaefna eða bæði stæðu utan þjóðkirkju þyrftu þau að tilkynna formlega í hvaða trúarbrögðum ætti að ala börn þeirra upp. Slíka kvöð taldi hann óhæfu.⁸⁴ David Östlund (1870–1931), forystumaður adventista og ritstjóri *Frækorna*, var sömu skoðunar og leit svo á að í lögunum fælist mismunun milli þjóðkirkju- og utanþjóðkirkjufólks. Nýju lögin væru því byggð á „[...] hinum sama ranga grundvelli og þjóðkirkjan“.⁸⁵

Þær nafngiftir sem viðhafðar voru um utanþjóðkirkjufólk og félög þeirra endurspeglu sömu *dissenter*-hugsun og fram kom í lögunum frá 1886. Þau dæmi sem fundist hafa við þessa rannsókn koma einkum frá Lárusi Halldórssyni fríkirkjupresti og Arnljóti Ólafssyni. Lárus nefndi safnaðarfólk sitt í Reyðarfirði „frávikjendur“ sem er bein þýðing á (e.) *dissenters*. Þó nefndi hann söfnuð þeirra „frísöfnuð“ sem virðist hlutlaust og vísar til veikra tengsla safnaðarins við ríkið.⁸⁶ Orðið var nokkuð notað á síðari hluta 19. aldar.⁸⁷ Heitið „fríkirkjusöfnuður“ varð þó fljótt algengara og er enn notað.⁸⁸ Arnljótur nefndi þennan

⁸¹ *Alþingistíðindi* 1883 B, bls. 98; [Án titils], *Ísafold* 18. júlí 1883, bls. 57–58, hér 57.

⁸² *Stjórnartíðindi* 1917 A, bls. 40–41 (l. nr. 30/1917); *Stjórnartíðindi* 1975 A, bls. 58–61 (l. nr. 18/1975); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 31–32; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 374, 375, 376–377; Páll Sigurðsson, „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi“, bls. 95–97; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 58.

⁸³ Lögin frá 1975 byggðust á norskri fyrirmynd en þar höfðu svokölluð *dissenterlov* frá 1891 verið endurskoðuð fáeinum árum fyrr. *Alþingistíðindi* 1974–75 A, bls. 236–237 (athugasemdir við frv. til laga um trúfélög).

⁸⁴ „Borgaralegt hjónaband“, *Þjóðviljinn* 8. ágúst 1908, bls. 142. Sjá og: „Trúfrelsi og trúfærðsla“, *Þjóðviljinn* 14. september 1908, bls. 169–170, hér 169.

⁸⁵ [Án höf.], „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 22. mars 1909, bls. 33–36, hér 33.

⁸⁶ Lárus Halldórsson, „Stjórnarskrá, alþingismeðferð og ráðgjafabréf: Nokkur orð um frávikjendur í Reyðarfirði“, *Fróði* 10. maí 1884, bls. 127–132. Orðið *frávikjandi* kemur ekki fyrir í ritmálssafni Orðabókar HÍ en var þó eitthvað notað, sjá: Eggert Ó. Briem, „Um frávikjendur í Reyðarfirði: Saga þeirra og tillaga um mál þeirra (niðurlag)“, *Norðanvari* 31. mars 1885, bls. 49–51, hér 49.

⁸⁷ Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, *arnastofnun.is*, sótt 31. janúar 2022 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/133312>.

⁸⁸ Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, *arnastofnun.is*, sótt 31. janúar 2022 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/133100>.

fyrsta frikirkjusöfnuð landsins ýmist „lausasöfnuð“ eða „leysingjaflokk“.⁸⁹ Bæði orðin vísa til kirkjuréttarlegrar stöðu safnaðarins utan þjóðkirkju en þó með þeim hætti að augljóslega hallar á hann. Arnljótur viðhafði á hinn bóginn heitið „hintrúarfélög“ um söfnuði sem viku frá hinni lúthersku kenningu og skilgreindi þá því einnig út frá þjóðkirkjunni.⁹⁰ Þessu skylt er að til skamms tíma hafa slíkir hópar verið nefndir „sértrúarsöfnuðir“ til aðgreiningar frá lútherskum trúfélögum.⁹¹ Þær nafngiftir sem notaðar hafa verið um söfnuði utan þjóðkirkjunnar ganga því almennt út frá þjóðkirkjunni sem viðmiði og lýsa söfnuðunum í ljósi frávika þeirra frá henni. Virðist þær augljóslega mótaðar af *dissenter*-hefðinni. Þórunn Jarla Valdimarsdóttir nefnir trúfrelsið á fyrsta skeiði sínu hér á landi „frelsi umburðarlyndis“ á sama tíma og þjóðkirkjan naut rötgróins réttar.⁹² Má líta svo á að það ástand hafi ekki aðeins verið ríkjandi á tímabilinu fyrir 1915, sem hér er skodað sem fyrsta þróunarskeið trúfrelsis í landinu, heldur allt til gildistöku laga um trúfélög 1975. Auk þess sem hér hefur verið talið bendir sú tregða sem ríkt hefur um að utanþjóðkirkjufólk verði laust við gjöld til þjóðkirkjunnar eða ígildi þeirra til Háskólans — sem nú renna beint til ríkissjóðs — til að *dissenter*-hefðin sé enn að nokkru leyti við lýði þegar um trúarlega minnihlutahópa er að ræða. Nú á tímum stafar þetta þó fremur af einsleitum trúarlegum bakgrunni þjóðarinnar og aðild meirihluta landsmanna að þjóðkirkjunni en beinum ákvæðum laga.

Unnið gegn trúfrelsisáttum

Eins og fram er komið var mat ýmissa, þegar á rannsóknartímabilinu, að það sem einkum hefti trúfrelsi væri að fólki væri ómögulegt að ganga í hjónaband ef það sætti sig ekki við aðkomu þjóðkirkjunnar að því, fyrirmæli þess efnis að öll börn hlytu trúarlega uppfærðslu, sem og að fólk gat verið gjaldskylt við þjóðkirkjuna jafnvel þótt það hefði snúið baki við henni.⁹³ Þá þótti það tálma trúfrelsi að hinu opinbera var aðeins skylt að styðja og vernda eitt trúfélag, evangelísk-lúthersku þjóðkirkjuna.⁹⁴ Hér verður vikið að því hvernig brugðist var við þessum trúfrelsisáttum, einkum í lögunum um utanþjóðkirkjufólk frá

⁸⁹ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Niðurl)“, bls. 266, 271. Orðin eru lítt eða ekki notuð af öðrum, eins og sjá má af ritmálssafni Orðabókar HÍ. Sjá þó: Eggert Ó. Briem, „Um frávíkjendur í Reyðarfirði“, bls. 50.

⁹⁰ Arnljótur Ólafsson, „Um trúbragðafrelsi hér á landi (Niðurl)“, bls. 265.

⁹¹ Orðið var ríkjandi á 20. öld. Elsta dæmið um notkun þess í ritmálssafni Orðabókar HÍ er frá Ágústi H. Bjarnason en er þar vissulega ekki viðhaft um kristinn minnihlutahóp. Ágúst H. Bjarnason, *Saga mannsandans 2*, Reykjavík: Hlaðbúð: 1949, bls. 56; Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, *arnastofnun.is*, sótt 31. janúar 2022 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/480789>. Enn er leitast við að réttlæta notkun nafngiftarinnar. Sjá t.d.: Bjarni Randver Sigurvinsson, „Vottar Jehóva: Skipulag Jehóva Guðs á hinum síðustu tímum“, *Trú og þjóðfélag: Afmálsvrit til heiðurs Pétri Pétursyni prófessor sjötugum*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill Benedikt Hreinsson og Jónas Eliasson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021, bls. 179–213, hér 203. Nú á dögum virðist eðlilegast að kalla söfnuði af þessu tagi trúfélög eins og gert er í lögum um skráð trúfélög og lífsskóðunarfélög. Lög um skráð trúfélög og lífsskóðunarfélög nr. 108/1999, *althingi.is*, sótt 1. apríl 2022 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999108.html>.

⁹² Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 59.

⁹³ Krafan um að öll börn hlytu trúarlegt uppeldi samræmist því að á tímabilinu 1874–1915 var formlega séð óheimilt að standa utan trúfélaga og/eda aðhyllast trúleysi.

⁹⁴ Á tímabilinu sem hér er ræðir var íslenska þjóðkirkjan formlega séð ekki trúfélag heldur opinber trúarstofnun. Hún gegndi þó um sumt sömu hlutverkum og trúfélög og er því verjandi að nefna hana svo þegar ekki er um stöðu, stjórn og starfshætti að ræða. Ekki voru allir sammála um að trúfrelsi og þjóðkirkjuskipan væru andstæður. Sjá: Arnljótur Ólafsson, „Nokkur landsmál VII“, *Norðlingur* 29. apríl 1879, bls. 129–132.

1886. Ákvæðum þeirra var ætlað að draga úr áhrifum allra fjögurra tálmannanna. Í síðasta kafla var vikið að áhrifum laganna á stöðu trúfélaga en þeim ákvæðum þeirra sem að félögum utanþjóðkirkjufólks sneru var ætlað að styrkja stöðu trúfélaganna og veita þeim nokkra vernd, þótt í mun minna mæli væri en þegar þjóðkirkjan átti í hlut. Hér á eftir verður fjallað um þá viðleitni að draga úr áhrifum hinn þriggja tálmannanna. Fyrir utan þau álitamál sem hér hafa verið talin snerist umræða um trúfrelsi og utanþjóðkirkjufólk á vettvangi löggjafar fram til 1915 að mestu um aðskilnað ríkis og kirkju.⁹⁵

Þrýstingur á að réttindi utanþjóðkirkjufólks yrðu skilgreind myndaðist strax um það leyti sem stjórnarskráin gekk í gildi. Karl og kona sem snúist höfðu til fylgis við mormónatrúboð sem staðið hafði um skeið í Vestmannaeyjum höfðu verið vígð í hjónaband samkvæmt siðum mormóna og hafið búskap vorið 1874. Konungur hafði þá þegar undirritað stjórnarskrána en hún gekk ekki í gildi fyrr enn í byrjun ágústmánaðar. Sóknarpresturinn kærði sambúðina þar sem hjónavígslan væri ógild að íslenskum lögum og fyrirskipaði amtmaður að fólkið skyldi slíta samvistir sínar. Málinu var skotið til landshöfðingja og lauk því með að út var gefinn konungsúrskurður sem heimilaði að sýslumaður gæfi parið saman í borgaralegt hjónaband á grundvelli danskra laga frá 1851 um „hjónavígslu fyrir utan þjóðkirkjuna“. Fyrsta borgaralega hjónabandið á Íslandi var svo stofnað í þinghúsi Vestmannaeyja snemma árs 1876.⁹⁶ Ekki var þó lítið svo á að með þessu hafi verið skapað almennt fordæmi og 1884 hafnaði Íslandsmálaráðherrann pari um borgaralega hjónavígslu þar sem hann taldi ekki sannað að það gæti ekki gengið í hjónaband samkvæmt gildandi lögum sem aðeins gerðu ráð fyrir vígslu á vegum þjóðkirkjunnar. Benti hann á að ekkert hafði orðið uppskatt um að trúarskoðanir fólksins vikju frá kenningu þjóðkirkjunnar. Umsækjandinn, og hugsanlega brúður hans einnig, hafði þó gengið úr þjóðkirkjunni.⁹⁷

Til að leysa þennan vanda til frambúðar og koma því ákvæði stjórnarskrárinnar til framkvæmda að trúarástæður skyldu ekki koma í veg fyrir að fólk nyti borgaralegra réttinda sinna lagði danska stjórnin fram frumvarp árið 1877 þess efnis að heimilt væri að stofna til borgaralegs hjónabands þegar annað hjónaefna eða þau bæði stæðu utan þjóðkirkju. Frumvarpið var naumlega samþykkt í efri deild en fellt með þriggja atkvæða mun við aðra umræðu í neðri deild. Greindi þingmenn á um hvort breytingin sem frumvarpið boðaði væri tímabær. Álitu sumir hana nauðsynlega vegna 47. gr. stjórnarskrárinnar. Aðrir litu svo á að hún bryti í bága við þjóðkirkjuákvæðið í 45. gr. hennar. Þá töldu

⁹⁵ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 90–92; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 44–71; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 25–60.

⁹⁶ *Sjórnartíðindi* 1875 B, bls. 100 (bréf landsh. til amtmanns 6. desember 1875); *Alþingistíðindi* 1877 I, bls. 605–606 (athugasemdir m. frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands); Páll Sigurðsson, „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi“, bls. 78–85; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 30. Sjá: *Departementsstíðenden* 14. maí 1851, bls. 470–473.

⁹⁷ *Sjórnartíðindi* 1884 B, bls. 184–185 (bréf ráðgj. [...] til landsh. útaf beiðni um að verða gefinn í borgaral. hjónab.). Í umræðum á Alþingi kom fram að fólkið hafi e.t.v. talið sig til fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði sem á þessum tíma naut þjónustu prests sem þó hafði ekki hlotið konungsstaðfestingu. *Alþingistíðindi* 1885 B, bls. 514–515.

ýmsir að engir væru í landinu sem þyrftu á breytingunni að halda.⁹⁸ Þarna komu sem sé fram skiptar skoðanir um hvort trúfrelsislöggjöfin ætti að taka mið af almennum mannréttindasjónarmiðum eða hvort fara skyldi „íslensku leiðina“ og ganga út frá aðstæðum í samfélaginu. Þingmaður Vestmanneyinga bar frumvarpið að nýju fram 1879 án þess að það kæmi til umræðu.⁹⁹ Eins og fram er komið brann þessi vandi mest á Vestmannaeyingum vegna búsetu mormóna þar. Stjórnin bar frumvarp sitt öðru sinni fram 1885. Þá þótti það ekki ganga nægilega langt og var því hafnað en tekið saman nýtt frumvarp um að öllum stæði borgaralegt hjónaband til boða óháð aðild að þjóðkirkjunni.¹⁰⁰

Lausn í málinu fékkst loks með fyrrgreindum lögum um utanþjóðkirkjufólk tæpum tólf árum eftir gildistöku stjórnarskrárinnar. Í fyrstu grein þeirra var kveðið á um að stofnun borgaralegs hjónabands hefði „fulla löghelgi“ þótt ekki kæmi til kirkjuleg vígsla ef annað hvort eða bæði hjónaefna væru utan þjóðkirkju (sbr. 1. gr.). Fólki sem þannig stóð á um var þó einnig frjálst að þiggja hjónavígslu í þjóðkirkjunni (sbr. 7. gr.). Þjóðkirkjuprestum var þó ekki skylt að veita því þá þjónustu. Utanþjóðkirkjufólk sem gengið hafði í söfnuð með staðfestan forstöðumann átti svo einnig kost á að hljóta vígslu hjá honum (sbr. 13. gr.). Fólki í þjóðkirkjunni var aftur á móti eftir sem áður aðeins heimilt að ganga í kirkjulegt hjónaband og var að því leyti þrengri stakkur sniðinn.¹⁰¹ Hjónaefni sem ekki felldu sig við helgisiði þjóðkirkjunnar áttu því ekki annarra kosta völ en að ganga úr kirkjunni.¹⁰² Ekki var því gengið eins langt og vilji stóð til árið áður. Í lögnum kom einnig fram að utanþjóðkirkjufólk var undanþegið sáttatilaunum þjóðkirkjupresta ef til hjúskapardeilna kom.¹⁰³

Í fyrrgreindu frumvarpi stjórnarinnar frá 1877 um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjufólks var einnig að finna ákvæði um skyldur þeirra er nýttu sér þann rétt til að uppfræða börn sín í einhverri annarri trú en evangelísk-lútherskri. Skyldi foreldrunum heimilt að velja í því efni milli eigin trúar og trúar þjóðkirkjunnar.¹⁰⁴ Eins og fram er komið náði frumvarpið ekki fram að ganga. Þess var þó skammt að bíða að sú réttaróvissa sem ríkti í þessu efni tæki að segja til sín. Nokkrum árum eftir að stofnað var til fyrsta borgaralega hjónabandsins á landinu, eða árið 1879, báðust hjónin sem í hlut áttu undan því að

⁹⁸ *Alþingistíðindi* 1877 I, bls. 603–619 (frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónab. [...]); *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 54 (athugasemdir við frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands); *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 52–58 (frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 31–32.

⁹⁹ *Alþingistíðindi* 1879 I, bls. 233–234 (frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 30; Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 117–119; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 372–373.

¹⁰⁰ *Alþingistíðindi* 1885 B, bls. 511–512; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 31–32.

¹⁰¹ Þjóðkirkjuprestum var heimilt að synja þeim sem ekki voru skírð, fermð og verið tekin til altaris um hjónavígslu þótt þau teldust til þjóðkirkjunnar. Slíkt fólk gat því hafnað í þeirri stöðu að verða að fullnægja þeim skilyrðum eða segja sig úr kirkjunni ella til að geta gengið í hjónaband. Skírnar, fermingar og altarisgöngu var ekki krafist við stofnun borgaralegs hjónabands. *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 16–23 (l. nr. 4/1886); Einar Arnórsson, *Íslenzkur kirkjuréttur*, bls. 14–15; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 32.

¹⁰² „Borgaralegt hjónaband“, *Þjóðviljinn* 8. ágúst 1908, bls. 142.

¹⁰³ Árið 1890 birtust loks reglur um hvernig staðið skyldi að borgaralegri hjónavígslu og þá á grundvelli laga um utanþjóðkirkjumenn frá 1886. *Stjórnartíðindi* 1890 A, bls. 100–103 (auglýsing um reglur fyrir því, hvernig [...] skuli gefa saman hjón); Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 58; Páll Sigurðsson, „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi“, bls. 93–94, nmgr. 35.

¹⁰⁴ *Alþingistíðindi* 1877 I, bls. 603–619 (frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands); *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 54 (athugas. við frv. til laga um stofnun borgaral. hjónab.); í huga annarra heyrðu þjóðkirkja og trúfrelsi saman öfugt við ríkiskirkjuna; Arnljótur Ólafsson, „Nokkur landsmál VII“, bls. 129–132; *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 52–58 (frv. til laga um stofnun borgaral. hjónab.); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 31–32.

þurfa að skíra barn sitt að lútherskum hætti og þar með að ala það upp í þeirri trú. Íslandsmálaráðherrann úrskurðaði þá að ekki ætti að skylda mormóna til að bera börn sín til skírnar í þjóðkirkjunni. Aftur á móti áttu mormónar að tilkynna sóknarpresti um fæðingu og nöfn barna sinna.¹⁰⁵

Lögin frá 1886 tóku einnig til þessa atriðis. Í 8. gr. þeirra kom fram að ekki mætti gefa saman hjónaefni ef annað hvort þeirra væri utan þjóðkirkju nema þau hefðu skýrt opinberlega frá því í hvaða trúarbrögðum börn þeirra skyldu upprædd heima fyrir. Kom þá til greina trú annars hvors foreldris eða „trúfræði þjóðkirkjunnar“. Yrði lúthersk trú ekki fyrir valinu áttu börnin jafnframt að vera undanþegin fræðslu í henni í opinberum skólum. Öll börn áttu því að hljóta trúaruppeldi og samræmist það takmörkuðu trúfrelsi stjórnarkrárinnar en hún batt það, eins og fram er komið, við guðstrú. Börn utanþjóðkirkjufólks skyldu undanþegin skírn en foreldrar áttu að tilkynna sóknarpresti fæðingu þeirra og nafn innan tólf vikna og hann að færa hvort tveggja til bókar. Varðaði vanræksla sektum allt að 20 krónum. Þá var kveðið á um að við 14 ára aldur öðluðust ungmenni sem stæðu utan þjóðkirkju sömu borgaralegu réttindi og fermingin veitti börnum þjóðkirkjufólks.¹⁰⁶ En fram til 1917 var þjóðkirkjuprestum ekki skylt að gefa saman hjónaefni nema þau hefðu verið fermd og gengið til altaris.¹⁰⁷

Stjórnarskráin frá 1874 hafði engin ákvæði að geyma um gjaldafrelsi eða gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks gagnvart þjóðkirkjunni. Hefur væntanlega verið litið á gjöld til hennar sem gjöld til almannaþarfa og þar með hluta af þeirri almennu félagsskyldu sem óheimilt var að skorast undan af trúarástæðum.¹⁰⁸ Eigi að síður þótti ýmsum þegar á rannsóknartímanum þetta skerða mjög trúfrelsi fólks. Þetta var og eitt af þeim atriðum sem stjórnarskrár-breytingarnar 1915 tóku til en þá var tekið fyrir að nokkrum væri gert að greiða persónuleg eða bein gjöld til trúfélags sem viðkomandi ætti ekki aðild að.

Með lögunum um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 hafði verið brugðist við þessum vanda þótt skammt væri gengið og hann ekki leystur til frambúðar. Lokakafli þeirra fjallaði um gjöld fólks sem stóð utan þjóðkirkjunnar. Þau sem tilheyrðu söfnuði sem kallað hafði prest eða forstöðumann til þjónustu og hlotið á því staðfestingu konungs skyldu laus undan offri, lamseldi, dagsverkum, ljóstolli og lausafjártíund til sóknarkirkju og/eða -prests. Stóð þetta fólk enda straum af eigin kristnihaldi. Þá átti það að vera laust við að bæta sóknarpresti upp tekjutap fyrir þjónustu sem það gat ekki nýtt sér. Það þurfti

¹⁰⁵ *Stjórntíðindi* 1879 B, bls. 57 (bréf ráðgj. [...] til landsh. um skím á börnum mormóna); Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 103; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 56. Fram til 1877 máttu þau sem óskírd voru ekki taka arf en því var breytt 1877. *Stjórntíðindi* 1877 A, bls. 40 (l. nr. 12/1877); Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 14; Páll Sigurðsson, „Trúarbrögð og mannréttindi“, bls. 131–132.

¹⁰⁶ Þess var áfram krafist að skólasveinar í Lærða skólanum væru fermdir. Sá munur var á réttindum utanþjóðkirkjufólks og fólks sem var í þjóðkirkjunni að þau fyrrnefndu voru sjálfráð um að ráða sig í vist frá 16 ára aldri en hin síðarnefndu aðeins með leyfi sóknarprests ef þau voru enn ófermd. *Lövsamling for Island 14*, 1868, bls. 502 (kgl. resolution ang. underviðsningisplan); *Stjórntíðindi* 1886 A, bls. 16 (l. nr. 4/1886); Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 15–20.

¹⁰⁷ *Stjórntíðindi* 1917 A, bls. 41 (l. nr. 30/1917); Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, bls. 143.

¹⁰⁸ Sjá m.a. ummæli Einars Arnórssonar á Alþingi 1919. *Alþingistíðindi* 1919 B, bls. 1533. — Á þessum tíma gegndi kirkjan mun fjölþættara hlutverki, m.a. á sviði almannafræðslu, en síðar varð. Kann það að hafa réttlætt þann skilning að gjöld til hennar gætu verið almenn félagsskylda.

þó eftir sem áður að greiða fasteignatíund. Með lögum frá 1904 var utanþjóðkirkjufólk loks friað undan að greiða fasteignatíund til þjóðkirkjupresta og þeirra fáu kirkna sem voru í eigu hins opinbera (það er landssjóðs). Það utanþjóðkirkjufólk sem ekki tilheyrði neinu slíku félagi skyldi aftur á móti ekki laust undan nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju.¹⁰⁹ Engu skipti þótt þetta fólk gæti lítið sem ekkert nýtt sér þjónustu þjóðkirkjunnar nema brjóta gegn sannfæringu sinni.¹¹⁰ Virðist þetta stærsti ágalli laganna en var þó í samræmi við það takmarkaða trúfrelsi sem stjórnarskráin veitti og miðaði einkum að því að rýmka stöðu félaga sem stofnuð voru „[...] til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt [átti] við sannfæringu [...]“ félagsfólksins, eins og sagði í stjórnarskránni.¹¹¹ Minna var lagt upp úr einstaklingsbundnu trúfrelsi enn sem komið var.

Gjaldskylda fólks sem stóð utan allra trúfélaga gagnvart þjóðkirkjunni var fljótt gagnrýnd og beitti Skúli Thoroddsen sér einkum í málinu. Árið 1891 bar hann til dæmis, ásamt Lárusi Halldórssyni frikirkjupresti, fram frumvarp um að það yrði undanþegið gjöldunum. Í nefndarálitinu var gengið skemur og lagt til að það fengi að greiða ígildi sóknargjaldanna til barnakennslu í heimahéraði sínu. Hvorugt náði fram að ganga þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.¹¹² Sumarið 1899 samþykkti þingmálafundur á Seyðisfirði svo áskorun til Alþingis um að lögfesta gjaldfrelsi þeirra sem væru utan þjóðkirkju án þess að hafa gengið í annað trúfélag. Með þessu vildu fundarmenn ekki síst fá úr því skorið hvort landsmönnum væri því aðeins frjálst að tilbiðja guð á annan máta en að hætti þjóðkirkjunnar að um það væru stofnuð félög. Þorsteinn Erlingsson (1858–1914), ritstjóri bjarblaðsins *Bjarke*, lét að því liggja að með því væri fólk þvingað til að gerast til að mynda aðventistar ef því hugnaðist ekki Ágsborgarjátningin eða eitthvað annað í hefð lúthersku kirkjunnar. Áleit hann að jafnvel margir prestar væru andvígir slíkri frelsisskerðingu. Hann taldi þó að prestum bæri launauppbót fyrir þau gjöld sem þeir yrðu af við útgöngu fólks úr kirkjunni. Áleit hann þó að sú uppbót ætti að koma frá landssjóði en ekki beint frá utanþjóðkirkjufólkinu.¹¹³

Á næstu þingum komu fram nokkur frumvörp sem miðuðu að því að auka gjaldfrelsi þeirra sem yfirgefið höfðu þjóðkirkjuna.¹¹⁴ Árin 1908 og 1909 vakti Skúli Thoroddsen enn máls á vandanum, meðal annars með lagafrumvarpi síðara árið. Auk gjaldfrelsis lagði hann til að losað yrði um þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar þannig að breyta mætti því með lögum eða það yrði afnumið

¹⁰⁹ *Stjórntíðindi* 1886 A, bls. 22 (l. nr. 4/1886); *Stjórntíðindi* 1904 A, bls. 20–23 (l. nr. 6/1904); Einar Arnórsson, *Íslenskar kirkjuréttur*, bls. 25–26; Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 34; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 59; Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, bls. 40, 41, 44; Sigurbjörn Á. Gíslason (1876–1969) taldi breytinguna andstæða trúfrelsisstjórnarmíðum. Sigurbjörn Á. Gíslason, „Um aðskilnað ríkis og kirkju“, *Lögretta* 17. apríl 1912, bls. 84.

¹¹⁰ S.F., „Kirkjumál“, *Norðri* 28. júní 1907, bls. 101–102, hér 102.

¹¹¹ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874.

¹¹² *Alþingistíðindi* 1891 C, bls. 287 (nefndarálit (neðri deildar) um frv. til laga um br. á lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjum.), 436 (frv. (efri deildar) til laga um breyting á lögum [...] um utanþjóðkirkjumenn); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 32–33.

¹¹³ „Úr þjóðkirkjunni [svo]“, *Bjarke* 31. júlí 1899, bls. 118. Líkast til hefur Kristján V. Friðfinnsson (1864–1957) gengið úr þjóðkirkjunni 1891 til að geta gengið í borgaralegt hjónaband með unnustu sinni, Jóhönnu Jóhannesdóttur (1853–?). Eyjólfur Jónsson, „Borgaralegt hjónaband“, *Arsrit Sögufélags Ísfróinga* 27/1984, bls. 149–150.

¹¹⁴ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 32–34.

með öllu.¹¹⁵ Einnig kvað óþekktur greinarhöfundur í *Þjóðviljanum*, málgagni Skúla, að fólk sem teldi kenningar þjóðkirkjunnar „[...] ekki einungis fjarstæður, heldur hreint og beint skaðlegar“ hlyti að eiga erfitt með að setta sig við gjaldskyldu til þjóðkirkjunnar.¹¹⁶ Benti höfundurinn á að eftir að prestar hefðu komist á föst laun (1907) væri stærstu hindruninni fyrir breytingu í þessu efni rutt úr vegi. Fram að því hefðu menn óttast að fólk þyrptist úr kirkjunni og að tekjur presta rýrnuðu við það, jafnvel svo að bæta þyrfti þær upp úr landssjóði. Kvað hann æskilegt að við næstu stjórnarskrárbreytingu yrði ráðin bót á þessu ranglæti, auk þess sem hann tók undir með Skúla varðandi breytingu á þjóðkirkjuákvæðinu.¹¹⁷ Barátta þessi bar ekki árangur að sinni. Árið 1909 var þvert á móti sú breyting gerð að tekið var að kveða á um að fólk í fríkirkju-söfnuðum skyldi því aðeins gjaldfrjálst að það greiddi að lágmarki sömu upphæð til safnaðar síns og því hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Var þetta gert samtímis breytingum á fyrirkomulagi gjalda í þjóðkirkjunni með upptöku sóknargjalda í stað eldra gjaldafyrirkomulags.¹¹⁸ Lögin frá 1886 höfðu ekki kveðið á um slíkt lágmark. Hér var því um íþyngjandi breytingu að ræða fyrir utanþjóðkirkjufólk. Veruleg tilslökun á gjaldskyldunni varð ekki, eins og fram er komið, fyrr en með stjórnarskrárbreytingunni 1915.¹¹⁹ Raunar hefur enn ekki verið ráðin bót á vandanum þótt nú renni ígildi sóknargjalds fólks sem stendur utan allra trúfélaga beint í ríkissjóð.

Lokaorð

Með stjórnarskránni 1874 var landsmönnum heimilað að snúa baki við evangélísk-lútherskri trúarhefð og bindast samtökum um iðkun annars konar trúar. Trúfrelsið var þó takmarkað þar sem ekkert í stjórnarskránni benti til að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga og/eða hafna átrúnaði. Í bókstaflegum skilningi náði trúfrelsið meira að segja einvörðungu til guðstrúar og þá fyrst og fremst eingyðistrúar. Líklega hefði svo þröngri túlkun, ef á hefði reynt, þó ekki verið haldið til streitu af yfirvöldum og dönsk stjórnvöld hefðu væntanlega ekki fallist á hana. Nærtækast er að líta svo á að trúfrelsinu hafi einkum verið ætlað að tryggja öllum kristnum kirkjudeildum frelsi til að starfa í landinu.

¹¹⁵ Skúli Thoroddsen lagði áfram til á Alþingi 1911 að persónu- og trúfrelsi utanþjóðkirkjufólks yrði verndað með því að andanþiggja það gjöldum til þjóðkirkjunnar. *Alþingistíðindi* 1911 A, bls. 724 (Br:tillaga v. br:tillögur v. frv. til laga um sóknargjöld); „Trúfrelsi og trúfræðsla“ *Þjóðviljinn* 14. september 1908, bls. 169–170, hér 170. Um frelsisskerðinguna sem leiddi af gjöldum utanþjóðkirkjufólks sjá og: Þ. Guðmundsson, „Lög um tekjur presta og kirkna (nefskatturinn)“, *Ísafold* 19. mars 1910, bls. 65. L., „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 9. september 1910, bls. 11; „Fregnir fá alþingi“, *Þjóðviljinn* 24. maí 1911, bls. 94; L., „Prestarnir“, *Þjóðviljinn* 24. júlí 1909, bls. 129. Um eldra dæmi sjá: Y.X., „Ríkið og kirkjan“, *Alþýðublaðið* 25. ágúst 1906, bls. 96–98, hér 97–98.

¹¹⁶ L., „Trúfrelsi og jafnrétti“, *Þjóðviljinn* 15. mars 1909, bls. 40. Fleiri gagnrýndu gjaldskylduna um þetta leyti. [Án höf.], „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 22. mars 1909, bls. 33; L., „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 9. september 1910, bls. 11; Gísli Sveinsson, „Trúfrelsi og Kenningarfrelsi“, bls. 203–206. G.S. taldi þá breytingu sem gerð var á stjskr. 1915 ekki málefnalega leið til að lagfæra þennan vanda.

¹¹⁷ L., „Trúfrelsi og jafnrétti“, bls. 40. Ritsjóri *Frækorna* taldi þó ekki nægilega langt gengið með að fría utanþjóðkirkjufólk frá beinum gjöldum til þjóðkirkjunnar heldur bæri og að fría það undan óbeinum gjöldum, þ.e. að hætt yrði að styrkja eina kirkju sérstaklega með framlögum úr landssjóði. [Án höf.], „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 22. mars 1909, bls. 35–36; P. Stefánsson, „Trúfrelsi“, *Ingólfur* 16. mars 1911, bls. 42. Sú skipan að launa presta af sameiginlegum sjóði allra landsmanna þótti mörgum rammasti ójfnuður og gagnstætt anda stjórnarskrárinnar. B.B. „Prestalaunamálið“, *Þjóðólfur* 10. ágúst 1900, bls. 148.

¹¹⁸ *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 202–209 (l. nr. 40/1909).

¹¹⁹ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 128; Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun“, bls. 157–193; Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, bls. 42–47.

Þegar á rannsóknartímanum hófust skoðanaskipti um hversu víðtækt trúfrelsið væri í raun og hvort það svaraði kröfum tímans. Var fljótt tekið að benda á að staða þeirra sem ekki samsömuðu sig þjóðkirkjunni væri óljós og réttindi þeirra þröng. Prestar þjóðkirkjunnar litu þó almennt svo á að trúfrelsi hefði þegar verið tryggt á fullnægjandi hátt.

Stærsta skrefið í trúfrelsisátt sem stigið var á tímabilinu kom fram í lögum um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 en þau tóku til allra helstu atriðanna sem talin voru skerða trúfrelsið. Með þeim var meðal annars lögfest að prestsverk unnin af viðurkenndum prestum eða forstöðumönnum í söfnuðum utan þjóðkirkjunnar hefðu sömu lögformlegu þýðingu og athafnir framkvæmdar af þjóðkirkjuprestum. Þá var kveðið á um að þau sem guldu til trúfélags eða safnaðar utan þjóðkirkju væru gjaldfrjáls gagnvart henni. Ennfremur voru fólki tryggt þau grundvallarmannréttindi að geta gengið í hjónaband ef annað hjónaefna eða þau bæði væru utan þjóðkirkju og þá með hjónavígslu utanþjóðkirkjuprests eða borgaralegri vígslu. Má segja að kristnum trúfélögum hafi með þessu verið tryggt víðtækt frelsi til starfs.

Lögin sniðu einstaklingum aftur á móti næsta þröngan stakk. Einkanlega kom þetta fram í tilviki fólks sem ekki gekk í trúfélag sem hafði á að skipa presti eða forstöðumanni með konunglega staðfestingu. Strangt til tekið ber enda fremur að líta svo á að slík staða utan trúfélaga hafi frekar verið umborin en að beinlínis hafi verið leyfilegt að taka sér hana til langframa og lýsa þar með yfir trúleysi. Það umburðarlyndi kann að hafa verið til komið af því að dönsk stjórnvöld hafi verið ófús til að styðja innlend yfirvöld í að framfylgja banni við að vera utan trúfélaga. Fólk sem þessa stöðu hafði taldist enda að nokkru leyti til þjóðkirkjunnar þar sem það var ekki undanskilið neinu gjaldi til hennar. Þá var gengið út frá því í lögnum frá 1886 að öll börn hlytu trúarlegt uppeldi og var foreldrum skylt að tilkynna yfirvöldum í hvaða trú þau hygðust uppræða börnin. Var þeim og skylt að ala þau upp samkvæmt kenningum þjóðkirkjunnar ef þau viðurkenndu enga trú sjálf. Loks stóð hjónaefnum sem ekki höfðu sagt sig úr þjóðkirkjunni ekki annað til boða en að ganga í hjónaband samkvæmt helgisiðum hennar. Skipti þá engu í hvaða mæli þau samsömuðu sig þjóðkirkjunni, kenningum hennar og helgisiðum. Allt takmarkaði þetta persónulegt eða einstaklingsbundið trúfrelsi. Var á það bent og gegn því barist mikinn hluta tímabilsins sem rannsóknin tekur til.

Af því sem hér hefur verið sagt virðist ljóst að á fyrsta skeiði trúfrelsis í landinu, eða á tímabilinu 1874–1915, hafi þó tekist að tryggja utanþjóðkirkjufólki lágmarksmannréttindi miðað við það sem stjórnarskráin boðaði. Því var í fyrsta lagi gert kleift að iðka trú sína á grundvelli eigin sannfæringar, svo fremi hún væri kristin þótt hún viki frá kenningum þjóðkirkjunnar, og í öðru lagi að ganga í hjónaband. Utanþjóðkirkjufólk var samt ekki að öllu leyti óháð þjóðkirkjunni og alls ekki ef það galt ekki öðru trúfélagi hliðstæð gjöld og því hefði borið að greiða henni. Seint á tímabilinu var þessi gjaldskylda jafnvel hert með því að tekið var upp lágmarksviðmið á slík gjöld sem ekki hafði verið í gildi áður. Segja má að við stefnumótunina hafi verið leitast við að tryggja minnihlutahópum þann rétt sem þeim bar samkvæmt stjórnarskránni án þess þó að ýta undir trúarlegan klofning í samfélaginu. Því virðist mögulegt að líta svo á

að sú stefnumótun sem fram fór á tímabilinu hafi falið í sér trúarlegt félagafrelsi í ríkara mæli en trúarlegt einstaklingsfrelsi. Þá virðist umburðarlyndi gagnvart minnihlutahópum hafa vegið þyngra í stefnumótuninni en eiginleg mannréttindasjónarmið. Þróun trúfrelsis á tímabilinu virðist því að öllu leyti hafa rúmast innan *dissenter*-hefðarinnar eins og hún var skýrð í upphafi greinarinnar. Olli skylda þeirra sem stóðu utan allra trúfélaga til að greiða þjóðkirkjunni eigi að síður gjöld mestu þar um.

Árið 1915, eða við lok tímabilsins sem hér er fjallað um, var trúfrelsið loks útvíkkað þannig að heimilt varð að standa utan allra trúfélaga og verða frjáls undan gjöldum til þjóðkirkjunnar. Breytingin kom þó aðeins fram með óbeinum hætti. Þarna var þó um mikilvæg straumhvörf að ræða þar sem trúfrelsið tók nú bæði til trúarlegs félagafrelsis og einstaklingsfrelsis. Þá var og horfið frá *dissenter*-hefðinni.